

Stjórnartíðindi

2004 - B-deild - B88-91

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Minniháttar gallar á bls. 1533 og 1579.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 88-91

Nr. 606-648

2004

Efnisyfirlit B 88–91 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
606	15. júlí	Auglýsing um veiðigjald og þorskígildi	1521-1522
607	16. júlí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagsáætlun í Reykjavík	1523
608	20. júlí	Auglýsing um deiliskipulag á orkuvinnslusvæði á Hellisheiði, Ölfusi	1523-1524
609	22. júlí	Auglýsing um deiliskipulag í Mosfellsbæ	1525
610	20. júlí	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytis á sameiningu Hríseyjarhrepps og Akureyrarkaupstaðar í eitt sveitarfélag	1525-1526
611	15. júlí	Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 525/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti	1526
612	23. júlí	Reglugerð um (3.) breytingu á reglugerð nr. 525/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti	1527
613	30. júní	Gjaldskrá fyrir Húsavíkurrhöfn	1528-1533
614	13. júlí	Reglugerð um brunavarnir í samgöngumannvirkjum	1534-1536
615	6. júlí	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra	1536-1538
616	6. júlí	Samþykkt um holræsi og holræsa gjöld í Rangárþingi ytra ...	1539-1540
617	6. júlí	Samþykkt um hundahald í Rangárþingi ytra	1540-1542
618	6. júlí	Samþykkt um hreinsun fráveituvatns og reglubundna losun, vinnslu eða förgun seyru í Rangárþingi ytra	1543-1544
619	12. júlí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Brúartorgs, Borgarnesi	1544
620	12. júlí	Auglýsing um deiliskipulag fjár- og hesthúsabyggðar í Ægissíðu, Hornafirði	1545
621	13. júlí	Reglur um breytingu á reglum nr. 16/2004, um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2004	1545
622	14. júlí	Reglur um útreikning stimpilgjalds af heimildarbréfum fyrir fasteignum	1546-1548
623	14. júlí	Reglugerð um Orkuveitu Reykjavíkur	1549-1557
624	15. júlí	Reglugerð um fæðubótarefni	1557-1562
625	15. júlí	Gjaldskrá Siglingastofnunar Íslands	1562-1569
626	14. júlí	Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Fjarðabyggðar	1569-1573
627	15. júlí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Sviðholtsvör 4, Álftanesi	1573
628	19. júlí	Lögreglusamþykkt fyrir Grundarfjarðarbæ	1574-1581
629	13. júlí	Reglugerð um (5.) breytingu á reglugerð nr. 244/1994 um staðfestingu starfsleyfa nokkurra heilbrigðisstétta o.fl. skv. ákvæðum EES-samningsins	1581-1585
630	12. júlí	Samþykkt um stjórn Vestmannaeyjabæjar og fundarsköp bæjarstjórnar	1586-1601
631	5. júlí	Gjaldskrá hafna í Austurbyggð, Fáskrúðsfjarðarhöfn og Stöðvarfjarðarhöfn	1602-1604
632	20. júlí	Gjaldskrá fyrir Búnaðarsamband Eyjafjarðar	1604
633	20. júlí	Gjaldskrá fyrir Búnaðarsamband Austurlands	1605

STJÓRNARTÍÐINDI B 88 – 2004

15. júlí 2004

1521

Nr. 606

AUGLÝSING

um veiðigjald og þorskígildi.

1. gr.

Fiskistofa leggur á veiðigjald. Á fiskveiðiárinu 1. september 2004 til 31. ágúst 2005 skulu eigendur skipa greiða kr. 1,99 fyrir hvert þorskígildiskílógramm úthlutaðra veiðiheimilda eða landaðs afla einstakra tegunda.

2. gr.

Þorskígildisstuðlar fyrir fiskveiðiárið 1. september 2004 til 31. ágúst 2005 eru þessir:

Tegund:	Stuðlar:	Tegund:	Stuðlar:	Tegund:	Stuðlar:
Þorskur	1,00	Úthafsrækja	0,68	Beitukóngur	0,24
Ýsa	0,68	Litli karfi	0,10	Kúskel	0,02
Ufsi	0,36	Lýsa	0,36	Blágóma	0,03
Karfi	0,47	Blálanga	0,48	Grásleppuhrogn	2,84
Langa	0,56	Slétilanghali	0,16	Búrfiskur	1,71
Keila	0,39	Tindaskata	0,11	Snarphali	0,10
Steinbítur	0,62	Hlýri	0,70	Litla brosma	0,09
Skötuselur	1,59	Skata	0,50	Náskata	0,16
Grálúða	1,64	Háfur	0,97	Sandhverfa	4,14
Skarkoli	1,13	Hákarl	0,04	Urrari	0,14
Sólkoli	1,62	Hámeri	2,32	Broddabakur	0,14
Langlúra	0,70	Gulllax	0,38	Gjölnir	0,15
Sandkoli	0,49	Lúða	2,60	Stinglax	0,32
Skráplúra	0,44	Öflugjafta	0,35	Hvítskata	0,22
Síld	0,09	Makríll	0,08	Sæbjúga	0,03
Loðna	0,06	Geirnyt	0,08	Rauðmagi	0,25
Humar (slitinn)	6,52	Trjónukrabbí	0,36	Grásleppa	0,47
Innfjarðarækja	0,45	Smokkfiskur	0,33		

Ofangreindir stuðlar gilda við álagningu veiðigjalds, sbr. 22. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, mat á því hvernig veiðiheimildir eru nýttar og færslu milli tegunda eftir því sem við á, sbr. 10. og 12. gr. sömu laga.

3. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Auglýsingin öðlast þegar gildi, kemur til framkvæmda 1. september 2004 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. júlí 2004.

Árni M. Mathiesen.

Vilhjálmur Egilsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 89 – 2004

16. júlí 2004

1523

Nr. 607

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagsáætlun í Reykjavík.

Bakkastaðir 2, Korpuskóli.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti Borgarráð Reykjavíkur, þann 13. apríl 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Staðahverfi, nánar tiltekið Bakkastaðir 2, Korpuskóli.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 16. júlí 2004.

F. h. skipulagsfulltrúa,
Ágústa Sveinbjörnsdóttir.

20. júlí 2004

Nr. 608

AUGLÝSING

um deiliskipulag á orkuvinnslusvæði á Hellisheiði, Ölfusi.

Virkjun á Hellisheiði, orkuvinnslusvæði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 24. júní 2004 samþykkt deiliskipulag fyrir orkuvinnslusvæði og virkjun á Hellisheiði, Ölfusi, með þeim breytingum sem gerðar voru eftir auglýsingu, samkvæmt 25. gr. laga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Deiliskipulagið er unnið af Landslagi ehf., dagsett 19. febrúar 2004.

Fyrir liggur greinargerð með skilmálum um framkvæmdina, sem skal vera samkvæmt

úrskurði Skipulagstofnunar og greinargerð frá Sveitarfélaginu Ölfusi er varðar framkvæmd við niðurrennsli á affallsvatni frá virkjuninni.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 20. júlí 2004.

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Mosfellsbæ.

Teigahverfi – Tröllateigur 30-34 og Asparteiður 3-6.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi lóðanna Tröllateigs 30-34 og Asparteiðs 3-6, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 8. júní 2004.

Breytingin felst í því að lóð fyrir Tröllateig er stækkuð um lóð sem fyrirhugað var að reisa spennistöð á. Jafnframt er íbúðum í húsinu fjölgað um tvær. Byggingarreitur vegna útbyggingar á Tröllateig er stækkaður og honum breytt. Byggingarreitur Asparteiðs er stækkaður.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og heimilar Skipulagsstofnun auglýsingu hennar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Þjónustusvæði við Baugshlíð.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi þjónustusvæðis við Baugshlíð, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 8. júní 2004.

Breytingin er fólgin í að tveim þjónustulóðum er breytt í stofnanalóð fyrir íþróttamiðstöð. Á lóðinni má reisa tveggja hæða hús og er leyfilegt nýtingarhlutfall hennar 0,55. Núverandi Lækjarhlíð er færð til suðvesturs. Bílastæðum við leikskólann Hulduberg er fjölgað. Samkvæmt tillögunni mun koma hringtorg á gatnamót Baugshlíðar og nýrrar Lækjahlíðar. Tekið er frá land fyrir mismála gönguþverun.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og heimilar Skipulagsstofnun auglýsingu hennar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Mosfellsbæ, 22. júlí 2004.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytis á sameiningu Hríseyjarhrepps og Akureyrarkaupstaðar í eitt sveitarfélag.

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 20. júlí 2004 staðfest sameiningu Hríseyjarhrepps og Akureyrarkaupstaðar, í umdæmi sýslumannsins á Akureyri, í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Sameining framangreindra sveitarfélaga skal taka gildi hinn 1. ágúst 2004.

Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum sveitarfélögum.

Íbúar beggja sveitarfélaga skulu vera þegar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra sveitarfélögunum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn beggja sveitarfélaganna skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar fer með stjórn hins sameinaða sveitarfélags fram að almennum sveitarstjórnarkosningum árið 2006.

Kjósa skal ellefu fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Hið sameinaða sveitarfélag skal heita Akureyrarkaupstaður.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. júlí 2004.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 525/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á selju í 2. gr. reglugerðarinnar:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
			kg	%	kr./kg
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	16.07.-15.08.04	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	16.08.-22.08.04	ótilgr.	0	138
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	23.08.-30.09.04	ótilgr.	0	193

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. júlí 2004.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 525/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á gulrótum og næpum í 2. gr. reglugerðarinnar:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
0706.1000	Gulrætur og næpur	26.07.-01.08.04	ótilgr.	0	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	02.08.-08.08.04	ótilgr.	0	68
0706.1000	Gulrætur og næpur	09.08.-30.09.04	ótilgr.	0	136

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 23. júlí 2004.

F. h. r.
Níels Árni Lund.

Atli Már Ingólfsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 91 – 2004

Nr. 613

1528

30. júní 2004

GJALDSKRÁ fyrir Húsavíkurhöfn.

I. KAFLI Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir Húsavíkurhöfn og er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

II. KAFLI Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttóntonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestagjöld.

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 7,40 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði. Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 1,80 á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 12 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 26 sinnum í mánuði. Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 48,40 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 5,286 á mánuði. Bátar minni en 20 BT greiði þó aldrei lægra en kr. 3.459 á mánuði. Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

Vörugjöld.

6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á

skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald. Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarhöfn. Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fullt vörugjald þegar að vörurnar eru fluttar í land.

9. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar. Farþegar, bifreiðar þeirra, farangur og vöruflutningar með ferjum og flóabátum sem njóta styrks samkvæmt vegalögum eru undanþegnir vörugjaldi. Heimilt er þó að taka vörugjöld af vöru í vörugjaldsflokkum 1, 2 og 3. flokk a) sbr. 12. gr.

10. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn. Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

12. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 173,50 fyrir hvert tonn:
Bensín, brennsluolía, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 334,00 fyrir hvert tonn:
Lýsi og fiskimjöl.

3. fl.: Gjald kr. 360,60 fyrir hvert tonn:
- Pungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávararafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda
 - Pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur allskonar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.
 - Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd. Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.
4. fl.: Gjald 1,60%:
- Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega. Hámarksgjald samkvæmt lið þessum er 3.000 kr. fyrir hvert tonn. Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 109.

13. gr.

Af gjöldum þeim sem þessi gjaldskrá tekur til og reiknuð eru út frá mælieiningu skv. 2. gr. skal veita 17% afslátt vegna olíuflutningaskipa sem geta flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum. Skilyrði þess að veita afslátt skv. 1. mgr. er að sýnt sé fram á að olíuflutningaskip geti flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum í samræmi við 13. reglu alþjóðasamnings um varnir gegn mengun sjávar frá skipum frá 1973 ásamt bókun frá 1978 (MARPOL 73/78).

Þessar upplýsingar þurfa að koma fram:

- í athugasemdareitnum á alþjóðamælibréfinu sem tilgreint er í 2. gr. gjaldskrár þessarar, og
- undir lið 5.2 í fylgiskjali, af gerð B, við alþjóðamengunarvarnaskírteinið (IOPP-skírteinið), sem gefið er út samkvæmt ákvæðum MARPOL 73/78.

Vogargjöld.

14. gr.

Vigtun landaðs sjávarafla, hvert byrjað tonn	kr.	100
Önnur vigtun, hvert byrjað tonn	kr.	110
Lágmarksgjald fyrir einstaka vigtun	kr.	300
Vigtun ökutækja, vagna og fl.	kr.	950

Á vigtun utan dagvinnutíma á opnunartíma hafnarvogar, þ.e. á virkum dögum frá 17.00 – 19.00, er lagt 100% álag.

Útkallsvigtun	kr.	9.816
---------------------	-----	-------

Ef vigtað er utan daglegs opnunartíma hafnarvogar greiðir sá sem vigtað er fyrir útkall skv. gjaldskrá. Sé vigtað fyrir fleiri í sama útkalli greiða þeir útkallskostnað hlutfallslega.

Skráningargjald (fyrir hvert byrjað tonn):

– 1 – 5.000 tonn	kr.	30
– yfir 5000 tonn	kr.	20

Gjaldið er innheimt af aðilum sem hafa heimavigtunarleyfi og skila upplýsingum um landaðan afla til hafnarvogar sem skrá þarf í Lóðsinn. Magntölur eru miðaðar við almanaksárið.

Vatnsgjöld.

15. gr.

Vatn afgreitt frá bryggju;

– vatnsgjald pr. tonn	kr.	176
– lágmarksgjald	kr.	1.760

Vatnsgjald heimabáta og skipa (fyrir hvern mánuð á sjó);

– skemmtibátar að 10 BT	kr.	235
– bátar að 10 BT	kr.	938
– bátar 10-50 BT	kr.	1.291
– skip yfir 50 BT	kr.	1.760

Sorpgjöld.

16. gr.

Hver einstök losun;

– lágmarksgjald	kr.	2.465
– hámarksgjald (ef gámur er fylltur)	kr.	8.801

Sorpgjald heimabáta og skipa (fyrir hvern mánuð á sjó);

– skemmtibátar að 10 BT	kr.	250
– bátar að 10 BT	kr.	997
– bátar 10-50 BT	kr.	1.408
– skip yfir 50 BT	kr.	2.465

Raforkusala.

17. gr.

Rafmagnssala pr. kwst. (skv. taxa Orkuveitu Húsavíkur, C10)	kr.	7,15
---	-----	------

Hafnsögugjöld.

18. gr.

Gjald pr. BT	kr.	4
Fastagjald fyrir hvert skip	kr.	1.526

Móttaka skipa.

19. gr.

Festargjald pr. mann í dagvinnu	kr.	5.398
Festargjald pr. mann í yfirvinnu	kr.	9.816

Hafnsögugjald og festargjald greiðist bæði við komu og brottför skipa.

Leigugjöld.

20. gr.

Hafnarbakkaleiga, pr. m ² (mánaðargjald)	kr.	45
Leiga fyrir bát (mánaðargjald)	kr.	1.408
Leiga fyrir 20 feta gám (mánaðargjald)	kr.	1.408
Leiga fyrir 40 feta gám (mánaðargjald)	kr.	2.113
Gjald fyrir skammtímageymslu veiðarfæra og búnaðar á hafnarbökkum (frítt fyrstu fimm dagana) síðan pr. sólarhring	kr.	2.935

nema um annað sé samið.

Flotbryggjugjöld (mánaðargjöld).

21. gr.

Bátar að 10 BT	kr.	4.978
Bátar 10 – 30 BT	kr.	9.956
Bátar yfir 30 BT	kr.	19.912

Flotbryggjugjald greiða þeir sem hafa aðstöðu við flotbryggju og koma gjöldin í stað lestar- og bryggjugjalda skv. 4. og 5. gr. gjaldskrárinnar.

Farþegagjöld.

22. gr.

Farþegagjald fullorðnir	kr.	22
Farþegagjald, börn	kr.	11

Skipstjóri eða útgerðaraðili farþegaskips skal afhenda hafnaryfirvöldum upplýsingar um farþegafjölda til innheimtu gjaldsins. Heimilt er þeim sem stunda reglubundna farþegaflutninga að skila þeim upplýsingum mánaðarlega. Skal upplýsingum þá skilað eigi síðar en 5. hvers mánaðar fyrir næstliðinn mánuð.

Hafnarverndargjald.

23. gr.

Komugjald vegna hafnarverndar (fyrir hverja komu)	kr.	10.000
---	-----	--------

Öryggisgæsla greiðist skv. reikningi pr. öryggisvörð og er tímagjald skv. taxta í 19. gr.

III. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

24. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

25. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskrírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins. Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra,

nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

26. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi vara sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir. Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flýtur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskránum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

27. gr.

Á öll verð skv. verðskrá þessari, nema leigugjöld skv. 20. gr., er lagður 24,5% virðisaukaskattur sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

28. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veði í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum sbr. ákvæði 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

IV. KAFLI

Gildistaka.

29. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Húsavíkurhöfn er samþykkt af hafnarnefnd Húsavíkurbæjar 30. júní 2004, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskráin gildir frá 1. júlí 2004 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri gjaldskrár fyrir Húsavíkurhöfn.

Húsavík, 30. júní 2004.

Hafnarstjórinn á Húsavík,

Reinhard Reynison.

REGLUGERÐ

um brunavarnir í samgöngumannvirkjum.

1. gr.

Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að tryggja öryggi vegfarenda í samgöngumannvirkjum með fyrirbyggjandi aðgerðum og fullnægjandi viðbúnaði vegna eldsvoða og mengunar-óhappa.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um brunavarnir í samgöngumannvirkjum í eigu opinberra aðila eða einkaaðila.

3. gr.

Skilgreiningar og orðskýringar.

Merking hugtaka í reglugerð þessari er sem hér segir:

<i>Áhættumat:</i>	Mat á líkum fyrir því að tiltekið óhapp verði og hvaða afleiðingar það hefur.
<i>Brunahönnun:</i>	Sérstök hönnun sem tekur til brunavarna í mannvirki.
<i>Brunavarnir:</i>	Eldvarnir, starfsemi slökkviliðs og aðgerðir einstaklinga og fyrirtækja sem mælt er fyrir um í lögum um brunavarnir.
<i>Eldvarnir:</i>	Allar fyrirbyggjandi aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir eldsvoða.
<i>Samgöngumannvirki:</i>	Veggöng, vegskálar, yfirbyggingar og önnur mannvirki sem þeim fylgja á þjóðvegakerfi landsins, hvort sem er ofanjarðar eða neðan, og eru lengri en 250 m.
<i>Viðbragðsaðili:</i>	Aðili sem bregst við útkalli vegna óhapps í samgöngumannvirki.

4. gr.

Brunahönnun og áhættumat.

Hanna skal brunavarnir og meta áhættu fyrir öll samgöngumannvirki sem tekin eru í notkun eftir gildistöku reglugerðar þessarar. Brunahönnun og áhættumat skulu gerð í samræmi við leiðbeiningar sem Brunamálastofnun gefur út og samþykkt af byggingaryfirvöldum í viðkomandi sveitarfélagi að fengnu álitum slökkviliðsstjóra áður en samgöngumannvirkið er tekið í notkun. Brunahönnun skal m.a. fela í sér gerð viðbragðsáætlunar fyrir samgöngumannvirkið, sbr. 5. gr.

Brunahönnun samgöngumannvirkis sem er þannig staðsett að það tengir tvö sveitarfélög eða fleiri skal samþykkt af byggingaryfirvöldum í þeim öllum.

Slökkviliðsstjóri skal gera úttekt á brunavörnum samgöngumannvirkis sem tekið hefur verið í notkun fyrir gildistöku reglugerðar þessarar og gera kröfu um úrbætur ef ástæða er til. Sé brunavörnum slíks mannvirkis í veigamiklum atriðum ábótavant getur slökkviliðsstjóri gert kröfu um að gerð sé brunahönnun á mannvirkinu í samræmi við ákvæði 1. mgr.

Ef verulegar breytingar eru gerðar á samgöngumannvirki sem tekið var í notkun fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, skal hanna brunavarnir og meta áhættu í mannvirkinu í samræmi við ákvæði 1. mgr.

Endurskoða skal brunahönnun og áhættumat samgöngumannvirkis á fimm ára fresti eða ef verulegar breytingar verða á forsendum brunahönnunar.

5. gr.

Viðbragðsáætlun.

Í viðbragðsáætlun skal gera grein fyrir því hvernig brugðist er við óhappi í samgöngumannvirki út frá þeim forsendum sem liggja til grundvallar við brunahönnun og áhættumat, sbr. 4. gr., svo sem aðkomu viðbragðsaðila, hlutverki eiganda, viðbrögðum starfsmanna hans við óhöppum, fyrirkomulagi fjarskiptamála og aðstöðu til björgunar.

Ef samgöngumannvirki tengir tvö eða fleiri sveitarfélög skal í viðbragðsáætlun gera grein fyrir hlutverki hvers sveitarfélags um sig, sbr. 6. gr.

Í viðbragðsáætlun skal koma skýrt fram hvernig fyrirmæli í áætluninni eru æfð og tíðni æfinga.

6. gr.

Samstarf sveitarfélaga og brunavarnaráætlun.

Þegar samgöngumannvirki tengir saman tvö eða fleiri sveitarfélög skulu sveitarfélögin gera með sér skriflegt samkomulag um forræði á brunavörnum í samgöngumannvirkinu og skal það koma fram í brunavarnaráætlunum sveitarfélaganna, sbr. 13. gr. laga um brunavarnir.

Gera skal grein fyrir viðbragðsáætlun samgöngumannvirkis í brunavarnaáætlun viðkomandi sveitarfélags.

7. gr.

Skyldur eigenda.

Eigandi samgöngumannvirkis ber ábyrgð á brunavörnum í því, að brunavarnir séu virkar og að haft sé reglubundið eftirlit með þeim.

Fyrir sérhvert samgöngumannvirki skal vera til viðhaldsáætlun þar sem gerð er grein fyrir viðhaldi alls búnaðar sem varðar öryggi vegfarenda. Viðhald öryggisbúnaðar skal vera í höndum viðurkenndra fagaðila.

8. gr.

Takmarkanir á notkun samgöngumannvirkis.

Lögregla getur, í samráði við slökkviliðsstjóra og eiganda, sett takmarkanir á notkun samgöngumannvirkis, svo sem varðandi flutning hættulegs farms, gerð farartækja, ökuhraða og umferð gangandi vegfarenda, í samræmi við ákvæði umferðarlaga nr. 50/1987.

9. gr.

Eftirlit með samgöngumannvirkjum.

Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á að eldvarnareftirlit í samgöngumannvirkjum sé framkvæmt árlega.

Eftirlit slökkviliðsstjóra leysir eiganda ekki undan þeirri skyldu að hafa virkt öryggis-
eftirlit í samgöngumannvirkinu, sbr. 7. gr.

10. gr.

Sérstakar ráðstafanir.

Slökkviliðsstjóri getur, að höfðu samráði við eiganda og sveitarstjórn, lagt svo fyrir að í samgöngumannvirkjum séu gerðar sérstakar ráðstafanir til brunavarna, t.d. með uppsetningu á sérhæfðum búnaði til viðvörunar- og slökkvistarfs og þjálfun tiltekinnar starfsmanna í brunavörnum og slökkvistarfi. Slíkar ráðstafanir skulu koma fram í brunavarnaáætlun sveitarfélagsins. Eigandi samgöngumannvirkis greiðir kostnað af slíkum ráðstöfunum.

11. gr.

Æfingar.

Slökkviliðsstjóri skal reglulega halda æfingar með eiganda samgöngumannvirkis og lögreglu í samræmi við fyrirmæli viðbragðsáætlunar. Óheimilt er að taka nýtt samgöngumannvirki í notkun nema viðbragðsáætlun þess hafi verið æfð.

Eiganda eða fulltrúa hans er skylt að koma að undirbúningi æfinga og taka þátt í þeim. Slökkviliðsstjóri skal tryggja að æfingin hafi eins lítil áhrif á rekstur samgöngumannvirkisins og kostur er.

12. gr.

Viðurlög.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum. Séu sakir miklar varða brot fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

13. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, er sett samkvæmt heimild í 39. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000, og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 39. gr. laganna.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 13. júlí 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

SAMÞYKKT**um meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra.****I. Almenn ákvæði.**

1. gr.

Sveitarfélagið Rangárþing ytra annast sorphirðu og meðhöndlun úrgangs innan marka sveitarfélagsins. Heilbrigðisnefnd Suðurlands, í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur eftirlit með framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt. Þeir aðilar sem sjá um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Um meðhöndlun úrgangs fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum reglugerða nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

2. gr.

Sorphirða og önnur meðhöndlun úrgangs skal framkvæmd undir yfirstjórn fulltrúa sveitarfélagsins og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast verkefnið á hverjum tíma. Undir þetta ákvæði fellur ábyrgð á móttöku spilliefna og meðferð

úrgangs til vinnslu t.d. lífræns úrgangs, landbúnaðarplasts, brotamálma og annars flokkaðs úrgangs í samráði við heilbrigðisnefnd Suðurlands.

3. gr.

Sérhverjum húsráðanda er skylt að nota þau sorpílát og þær aðferðir við losun úrgangs sem sveitarstjórn í samráði við heilbrigðisnefnd Suðurlands ákveður. Sorpgeymslur og söfnunarstöðvar (gámasvæði) skulu vera aðgengileg frá gatna- og/eða vegakerfi. Húsráðendur skulu halda sorpílátum hreinum og hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim svo unnt sé að annast hreinsun. Lífrænum úrgangi, brotamálmum og öðrum endurvinnanlegum úrgangi skal komið fyrir í sérmerktum gámum eða á svæði sem sérstaklega er vísað til. Spilliefnum og öðrum hættulegum úrgangi má ekki blanda saman við annan úrgang og skal skilað í móttökustöð sveitarfélagsins. Íbúar, fyrirtæki og stofnanir skulu, eftir því sem kostur er, flokka úrgang og skila honum eins og aðstaða er til í sveitarfélaginu eða á vegum hlutaðeigandi byggðasamlags. Sveitarfélagið skal, með markvissri stefnu, stuðla að og hvetja til minnkunar úrgangs og að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum neikvæðum breytingum á umhverfi. Jafnframt skal stuðla að hverskonar endurnotkun, endurnýtingu, þ.m.t. endurvinnslu og orkuvinnslu úrgangs með skipulögðum hætti þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma án óhóflegrar mengunar.

4. gr.

Í sorpílát við íbúðarhús má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. venjulegt heimilissorp, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs. Óheimilt er að láta í sorpílát mold, grjótt, byggingarefni, garðaúrgang o.þ.h. Spilliefni, lyf og annar hættulegur úrgangur má ekki fara í sorpílát. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilega hátt. Gæta skal þess að fylla ekki sorpílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim og flytja.

5. gr.

Spilliefnum, hættulegum úrgangi og öllum öðrum úrgangi en heimilissorpi skal skila á endurvinnslu- eða söfnunarstöð sem hefur tilskilin starfsleyfi. Jarðvegsefnum skal komið á sérstakan losunarstað fyrir jarðvegsefni samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar á hverjum tíma.

6. gr.

Fyrirtæki og stofnanir geta samið við þar til bærar aðila um að annast sorphirðu á þeirra vegum og greiða þá aðeins sorpeyðingargjöld til sveitarfélagsins. Frágangur og umgengni um sorpílát, svo og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum og stofnunum, skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisnefndar Suðurlands.

7. gr.

Óheimilt er með öllu að fleygja rusli, garðaúrgangi eða sorpi á opin svæði, þjóðvegi, götum, gangstíga, fjörur eða vatnsbakka. Óheimilt er að skilja númerslausar bifreiðar og aðrar vélar, báta eða tæki eftir á víðavangi. Heilbrigðisnefnd Suðurlands er heimilt að fjarlægja hluti sem eru geymdir þannig að í bága fari við heilbrigðis- og mengunarvarnareglugerðir að undangenginni viðvörun. Viðvörun skal vera í formi miða, sem límdur skal á tækið. Viðvörun skal auðkennd heilbrigðisnefnd Suðurlands.

8. gr.

Sveitarstjórn ákveður, að fengnum tillögum og í samráði við eftirlitsmann sorphirðu og framkvæmdaaðila sorphirðu, tíðni sorphreinsunar. Ákvörðun um skipulag, flokkun staðsetningu og tíðni hreinsunar á söfnunarstöðvum skal tilkynnt íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins með skriflegum hætti og skal fara að ákvæðum reglugerðar um úrgang nr. 805/1999.

II. Gjöld vegna sorphirðu og meðhöndlunar úrgangs

9. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands, til að standa undir kostnaði við sorphirðu og meðhöndlun úrgangs. Heimilt er að leggja gjöld þessi á hverja fasteign sem nýtur þjónustunnar. Gjöld skal miða við fjölda sorphirðuláta, hvort um er að ræða flokkað eða óflokkað sorp og tíðni sorphirðu. Heimilt er að innheimta sorphirðugjöld hjá fyrirtækjum og stofnunum samkvæmt rúmmáli og/eða þyngd úrgangs eða öðru samkomulagi við viðkomandi. Ávallt skal taka tillit til flokkunar og minnkunarþátta, sem af flokkun leiðir. Sveitarstjórn er heimilt að takmarka fjölda sorpláta við hverja fasteign. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

10. gr.

Sveitarstjórn flokkar gjaldendur skv. gjaldskránni og eftir umfangi og magni úrgangs, sem frá starfsemi stafar.

III. Ýmis ákvæði

11. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal koma henni á framfæri við fulltrúa sveitarfélagsins eða heilbrigðisnefndar Suðurlands.

12. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

13. gr.

Samþykkt þessi sem samin er af hreppsnefnd Rangárbings ytra staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum sbr. 4. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 6. júlí 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Kristín L. Árnadóttir.

SAMÞYKKT

um holræsi og holræsagjöld í Rangárþingi ytra.

1. KAFLI

Um holræsi.

1. gr.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur ein heimild til að láta leggja sameiginleg holræsi á skipulögðum þéttbýlissvæðum í Rangárþingi ytra. Allar framkvæmdir sem varða holræsa-kerfi, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón annast sveitarstjórnin eða þeir sem hún felur slík verkefni. Sveitarstjórninni er heimilt, ef aðstæður eru sérstakar, að heimila öðrum að leggja og reka sameiginleg holræsa-kerfi.

2. gr.

Sveitarstjórn lætur leggja holræsi, svo að hver lóðarhafi nái til þeirra í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð hans telst til. Skyld er lóðareigendum og húsráðendum á sinn kostnað að gera holræsi er flytji frá húsum og lóðum skolp allt út í aðalræsi. Allar lagnir svo og frágangur skulu vera í samræmi við gildandi staðla og reglur á hverjum tíma. Nú hefur sveitarstjórn ekki látið leggja holræsi samkvæmt framansögðu og skal þá lóðarhafi á sinn kostnað leiða skolp gegnum rotþró af nægjanlegri stærð og samkvæmt ákv. laga og reglna sem um það gilda.

3. gr.

Þar sem lagðar hafa verið aðskildar lagnir fyrir skolp og yfirborðsvatn skal lóðarhafi einnig leggja aðskildar lagnir að aðalræsum og tengja. Þar sem engin lögn er fyrir hendi eða lögð hefur verið sameiginleg lögn fyrir skolp og yfirborðsvatn skal lóðarhafi gera svelg og tengja yfirborðsvatn af húsi sínu og lóð þangað. Nú lætur sveitarstjórn leggja sérstaka lögn fyrir yfirborðsvatn og er þá lóðarhafa skyldt að tengja yfirborðsvatn sitt þangað.

4. gr.

Ekki er heimilt að veita frárennsli er valdið getur skemmdum á holræsa-kerfinu eða truflað rekstur þess út í göturæsi. Þetta getur átt við um eiturmengað, olfumengað, próteinríkt, fituríkt eða blóðblandað fráveituvatn. Þar sem hætta er á að skolp innihaldi ofangreind efni, ber húseiganda skylda til að fjarlægja þau eða gera óskaðlegt áður en því er veitt út í holræsa-kerfið sbr. ákvæði mengunarvarnareglugerða.

5. gr.

Við nýbyggingar og breytingar á ræsum í lóð, er lóðarhafa skyldt að leggja fram til samþykktar uppdrátt í tvíriti er sýni legu, halla, stærð og gerð ræsa í samræmi við skipu-lags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum. Sá sem uppdrátt gerir, skal undirrita hann með eigin hendi og ber hann ábyrgð á að hann sé í samræmi við gildandi reglugerðir og staðla. Þegar byggingafulltrúi hefur samþykkt uppdrátt, stimplar hann og áritar bæði eintökin. Annað eintakið skal varðveitt í skjalasafni byggingafulltrúa. Hitt eintakið skal liggja fyrir á byggingarstað. Ekki má hefja framkvæmdir við lagnir fyrir en samþykktur uppdráttur liggur fyrir. Samþykkt byggingafulltrúa rýrir á engan hátt ábyrgð þess sem uppdráttinn gerir.

6. gr.

Byggingafulltrúi skal hafa eftirlit með því að lagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og samþykkt þessa. Ekki má hylja frárennislagnir fyrir en þær hafa verið viðurkenndar af byggingafulltrúa.

II. KAFLI

Um holræsagjald.

7. gr.

Hverjum þeim, sem á hús eða húshluta eða leigir lóð þar sem holræsi hefur verið lagt, ber að greiða árlega holræsagjald til Rangárþings ytra.

Upphæð holræsagjalds skal vera 0,25% af fasteignamati húsa sbr. lög um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976. Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekki holræsagjald.

Sveitarstjórn er heimilt að veita afslátt eða fella niður holræsagjald að hluta eða öllu leyti skv. ákvörðun hennar hverju sinni.

8. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

9. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalda fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

10. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og skv. vatnalögum nr. 15/1923 og öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 6. júlí 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Kristín L. Árnadóttir.

SAMÞYKKT**um hundahald í Rangárþingi ytra.**

1. gr.

Hundahald er bannað í Rangárþingi ytra að undanteknum þarfahundum á lögþýlum og hundum sem notaðir eru til leitar og björgunarstarfa, svo og aðstoðarhundum blindra og fatlaðra.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum og greiðslu leyfisgjalds:

- a) Hundar skulu skráðir á skrifstofu sveitarfélagsins sem afhendir gegn greiðslu leyfisgjalds númeraða plötu sem jafnan skal vera í ól um háls hvers hunds.
- b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþágan er veitt fyrir. Gjaldið skal ákveðið af sveitarstjórn með gjaldskrá að fenginni umsögn Heilbrigðisnefndar Suðurlands. Gjaldið skal ekki vera hærra en sem nemur rökstuddum kostnaði fyrir veitta þjónustu og eftirlit. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldið skal í fyrsta sinn greitt við skráningu hunds og síðan árlega fyrirfram fyrir 28. febrúar ár hvert. Undanþegnir leyfisgjaldi eru hundar sem notaðir eru við búrekstur á lögbýlum, hundar sem notaðir eru til leitar og björgunarstarfa svo og hundar sem að læknisráði eru notaðir til aðstoðar blindu fólki og fötludu. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan eins mánaðar frá eindaga, er heimilt að afturkalla leyfið, svo og ef hreinsun hunda er ekki framkvæmd eftir settum reglum. Sveitarsjóði er heimilt að innheimta dráttarvexti og innheimtukostnað sem hljótast kann af vanskilum á leyfisgjaldi.
- c) Rangárþing ytra ábyrgðartryggir alla skráða hunda sem greitt er leyfisgjald af. Þeir hundaeigendur sem undanþegnir eru leyfisgjaldi samkv. f. lið þessarar greinar, ábyrgðartryggja hunda sína hjá viðurkenndu tryggingarfélagi sjálfir og greiða sveitarsjóði útlagðan kostnað vegna hundahreinsunar. Við hundahreinsun skulu hundaeigendur sem falla undir f. lið leggja fram kvittun frá tryggingarfélagi sínu, sem staðfestir að ábyrgðartrygging sé í fullu gildi.
- d) Hundar skulu aldrei ganga lausir á almannafæri. Utandyra skulu hundar ávallt vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir þeim. Hundaeigandi skal gæta þess að hundur hans valdi ekki hættu, raski ekki ró manna eða verði mönnum til óþæginda á neinn annan hátt. Skilyrði fyrir hundahaldi í sambýlishúsum, er að allir umráðamenn íbúða samþykki það auk eiganda viðkomandi húsnæðis og skal leggja fram skriflega staðfestingu þar um við skráningu hundsins. Þá er hundaeigendum eða umráðamönnum hunda alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn. Eigi er leyfilegt að hafa með sér hunda þó í taumi séu inn í opinberar stofnanir, skólahús, matvöruverslanir eða aðra þá staði sem um ræðir skv. ákvæðum 19. gr. reglugerðar 941/2002. Slíkir staðir eru m.a. eftirfarandi skv. ákvæðum í fylgiskjali 3 með reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002:
 - Heilbrigðis- og meðferðastofnanir
 - Skólar
 - Lækna- og tannlæknastofur
 - Sjúkrahús og aðgerðastofur
 - Vistarverur handtekinna manna
 - Heilsuræktarstöðvar
 - Íþróttastöðvar og íþróttahús
 - Gæsluvellir
 - Snyrtistofur
 - Nuddstofur og sjúkrahjálfun
 - Sólbaðsstofur
 - Húðflúrsstofur
 - Samkomuhús s.s. kirkjur, leikhús, hljómleikasalir, söfn og kvikmyndahús
 - Gististaðir
 - Veitingastaðir
 - Sumarbúðir fyrir börn

Um matvælafyrirtæki fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

Heimilt er þó að fara með gæludýr inn í íþróttamannvirki, heilbrigðisstofnanir, snyrtistofur og aðra starfsemi sem sérstaklega er ætluð dýrum.

- e) Hundeingendum ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varðar, þ.á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu leyfisgjalds, sbr. ákv. b-liðar þessarar greinar, svo og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd setur.
- f) Bændum á lögbýlum er heimilt að hafa þarfahunda án greiðslu leyfisgjalds. Hundar á lögbýlum mega ganga frjálssir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti skulu slíkir hundar háðir ákvæðum þessarar samþykktar. Skyld er bændum á lögbýlum og eigendum hunda sem nefndir eru í b-lið hér að framan að sjá til þess að hundar þeirra séu ekki lausir á almannafæri.

3. gr.

Fyrir hönd sveitarstjórnar annast eftirlitsmaður á hennar vegum framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í sveitarfélaginu. Eftirlitsmaður getur leitað aðstoðar lögreglu, þegar þörf krefur og starfar hann undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar við eftirlit með hundahaldi í sveitarfélaginu.

4. gr.

Ómerktir flækingshundar skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig ekki fram innan sjö sólarhringa hefur lögregla, í samráði við dýralækni, heimild til þess að lóga viðkomandi hundi að þeim tíma liðnum.

Merkir hundar á flækingsi skulu einnig teknir úr umferð og tilkynna skal um þá til eigenda. Ef eigandi hunds vitjar hans eigi innan sjö sólarhringa og svarar ekki til saka um brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða, hefur lögregla, í samráði við dýralækni, heimild til að lóga hundinum að þeim tíma liðnum.

Hunda, sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja og lóga í samráði við dýralækni.

Lögregla og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna sveitarstjórn um kærur sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

5. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er af hreppsnefnd Rangárbings ytra staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og tekur gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 6. júlí 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Kristín L. Árnadóttir.

SAMPYKKT

um hreinsun fráveituvatns og reglubundna losun, vinnslu eða förgun seyru í Rangárþingi ytra.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Með samþykkt þessari kemur Rangárþing ytra á hreinsun fráveituvatns og reglubundinni losun, vinnslu eða förgun seyru í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru. Samþykkt þessi nær til allra fasteigna sem ekki hafa aðgang að fráveitukerfi sveitarfélagsins. Samþykktin nær til rotþróa, set- og sandskilja, fellitanka og olúgildra. Rangárþing ytra annast losun og hirðu seyru og annarra botnfelliefna innan marka sveitarfélagsins. Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur eftirlit með framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustu-hætti og mengunarvarnir. Sveitarstjórn, eða fulltrúi hennar, heldur skrá yfir rotþrær og settanka. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt. Þeir aðilar sem sjá um hirðu og meðhöndlun seyru skulu hafa til þess tilskilun starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Jafnfram skal losunar- og hreinsitækni vera í samræmi við reglur heilbrigðiseftirlitsins.

2. gr.

Losun seyru og stefan skal að öllu jöfnu framkvæmd árlega frá skólum, heilbrigðisstofnunum, matvælaframleiðslustöðum og veitinga- og gistipjónustustöðum. Að jafnaði skal losað annað hvert ár frá heimilum og þriðja hvert ár frá sumarhúsum undir yfirstjórn fulltrúa sveitarfélagsins og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast verkefni á hverjum tíma, í samráði við heilbrigðisnefnd Suðurlands.

3. gr.

Rangárþing ytra sendir út tilkynningu árlega um hvenær losun seyru fari fram. Sérhverjum húsráðanda er skylt að sjá til þess að aðgengi fyrir losunaraðila sé gott að rotþróum og settökum. Heimil er notkun viðurkenndra gerla og enzyrna til að auk virkni rotþróa.

II. Gjöld vegna hirðu og meðhöndlunar seyru.

4. gr.

Sveitarsjórn er heimilt að setja gjaldskrá, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands, til að standa undir kostnaði við hirðu á seyru og meðhöndlun. Gjaldskrána skal birta í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar. Heimilt er að leggja gjöld þessi á hverja fasteign sem nýtur þjónustunnar. Gjöld skal miða við magn og tíðni seyruhirðu eða rúmmál rotþróa. Heimilt er að innheimta seyrugjöld hjá fyrirtækjum og stofnunum samkvæmt rúmmáli rotþróa og/eða þyngd seyru eða öðru samkomulagi við viðkomandi. Heimilt er jafnframt að taka gjald vegna aukalosana. Gjöld mega ekki vera hærri en nemur rökstuddum meðalkostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum.

5. gr.

Sveitarstjórn flokkar gjaldendur skv. gjaldskránni og eftir umfangi og magni seyru frá viðkomandi starfsemi eða fasteign eða rúmmáli rotþróa.

III. Ýmis ákvæði.

6. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna seyrurhíðu skal koma henni á framfæri við fulltrúa sveitarfélagsins eða heilbrigðisnefnd Suðurlands.

7. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

8. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er af sveitarsjórn Rangárbings ytra staðfestist hér með skv. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og tekur gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 6. júlí 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Kristín L. Arnadóttir.

AUGLÝSING**um breytingu á deiliskipulagi Brúartorgs, Borgarnesi.**

Um er að ræða breytingar á lóð II og III, auk stækkunar bæði á lóð og byggingarreit við Brúartorg 4. Lóðirnar II og III verða að þremur lóðum nr. 2, 4 og 6. Gata sem sýnd var milli lóða II og III færist að fyrri lóðarmörkum við lóð nr. 6 við Brúartorg (Skeljungsstöðina). Nafni götunnar sem nýju lóðirnar 2, 4 og 6 standa við verður breytt úr Brúartorgi í Digra-nesgötu.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirlit af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 12. júlí 2004.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður P. Harðarson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag fjár- og hesthúsabyggðar í Ægissíðu, Hornafirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, hefur bæjarstjórn Hornafjarðar þann 1. apríl 2004, samþykkt deiliskipulag fjár- og hesthúsabyggðar í Ægissíðu, Höfn, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Deiliskipulagið nær til svæðis eftir endilöngum austurjaðri Eystri Ægissíðu og inn að Drápsklettavík.

Deiliskipulagið er unnið af Árna Kjartanssýni og Sigbirni Kjartanssýni, arkitektum hjá Glámu-Kím arkitektum ehf., Laugavegi 164, Reykjavík, og dagsett 12. febrúar 2004.

Deiliskipulagið var kynnt og auglýst með lögformlegum hætti, og bárust engar athugasemdir við það.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og gerir stofnunin ekki athugasemdir við að það verði auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hornafirði, 12. júlí 2004.

Hákon Valdimarsson byggingarfulltrúi.

REGLUR

um breyting á reglum nr. 16/2004, um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2004.

1. gr.

Í stað „56,50“ kr. í kafla 3.1. Frádráttur kostnaðar á móti ökutækjastyrk komi: „60,50“ kr.

2. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 118. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og öðlast gildi frá 1. júní 2004.

Fjármálaráðuneytinu, 13. júlí 2004.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Erla Þ. Pétursdóttir.

REGLUR

um útreikning stimpilgjalds af heimildarbréfum fyrir fasteignum.

1. gr.

Við útreikning stimpilgjalds af heimildarbréfum fyrir fasteignum skal miða við fasteignamat að leigulóð meðtalinni.

Við útreikning stimpilgjalds af heimildarbréfum fyrir íbúðarhúsnæði sem ekki hefur verið metið frummati samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna skal gjaldið reiknað af meðalfermetraværði fasteignamats í sveitarfélagi þar sem eign er staðsett, að teknu tilliti til tegundar og byggingarstigs sé það mögulegt en ella reiknast gjaldið af verði samkvæmt kaupsamningi. Við framangreindan útreikning skal leggja til grundvallar matsverð í töflu sem Fasteignamat ríkisins lætur gera í þessu skyni og fylgir í viðauka með reglum þessum.

Við útreikning stimpilgjalds af heimildarbréfum fyrir iðnaðar- og verslunarhúsnæði sem ekki hefur verið metið frummati samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna, skal miða gjaldið við kaupverð samkvæmt kaupsamningi.

2. gr.

Reglur þessar eru settar með stöð í 1. mgr. 17. gr. laga nr. 36/1978 um stimpilgjald, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 586/2000, um útreikning stimpilgjalds af heimildarbréfum fyrir fasteignum.

Fjármálaráðuneytinu, 14. júlí 2004.

F. h. r.

Marianna Jónsdóttir.

Elmar Hallgríms.

VIÐAUKI

Fermetraværð í krónum eftir byggingarstigi.

Númer	Sveitarfélag	Fullgert kr.	Tilbúið til innréttingar kr.	Fokhelt kr.	Sökklar kr.
0000	Reykjavík	127.400	76.400	50.900	19.100
1000	Kópavogur	124.900	74.900	49.900	18.700
1100	Seltjarnarnes	136.200	81.700	54.400	20.400
1300	Garðabær	121.400	72.800	48.500	18.200
1400	Hafnarfjörður	125.200	75.100	50.000	18.700
1603	Bessastaðahreppur	123.500	74.100	49.400	18.500
1604	Mosfellsbær	122.900	73.700	49.100	18.400
1606	Kjósarhreppur	53.300	31.900	21.300	7.900
2000	Reykjanesbær	95.700	57.400	38.200	14.300
2300	Grindavík	82.000	49.200	32.800	12.300
2503	Sandgerði	66.800	40.000	26.700	10.000
2504	Gerðahreppur	72.500	43.500	29.000	10.800

Númer	Sveitarfélag	Fullgert kr.	Tilbúið til innréttingar kr.	Fokhelt kr.	Sökklaar kr.
2506	Vatnsleysustrandarhreppur	78.600	47.100	31.400	11.700
3000	Akranes	87.700	52.600	35.000	13.100
3501	Hvalfjarðarstrandarhreppur	53.300	31.900	21.300	7.900
3502	Skilmannahreppur	54.200	32.500	21.600	8.100
3503	Innri-Akraneshreppur	54.400	32.600	21.700	8.100
3504	Leirár- og Melahreppur	51.400	30.800	20.500	7.700
3506	Skorradalshreppur	50.200	30.100	20.000	7.500
3510	Borgarfjarðarsveit	51.400	30.800	20.500	7.700
3601	Hvítársíðahreppur	49.400	29.600	19.700	7.400
3609	Borgarbyggð	78.400	47.000	31.300	11.700
3701	Kolbeinsstaðahreppur	49.400	29.600	19.700	7.400
3709	Grundarfjarðarbær	65.500	39.300	26.200	9.800
3710	Helgafellsveit	40.100	24.000	16.000	6.000
3711	Stykkishólmur	65.000	39.000	26.000	9.700
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	49.300	29.500	19.700	7.300
3714	Snæfellsbær	54.700	32.800	21.800	8.200
3809	Saurbæjarhreppur	39.300	23.500	15.700	5.800
3811	Dalabyggð	44.800	26.800	17.900	6.700
4100	Bolungarvík	41.400	24.800	16.500	6.200
4200	Ísafjarðarbær	59.200	35.500	23.600	8.800
4502	Reykhlóahreppur	37.900	22.700	15.100	5.600
4604	Tálknafjarðarhreppur	42.300	25.300	16.900	6.300
4607	Vesturbyggð	34.300	20.500	13.700	5.100
4803	Súðavíkurbhreppur	38.600	23.100	15.400	5.700
4901	Árneshreppur	31.700	19.000	12.600	4.700
4902	Kaldrananeshreppur	29.400	17.600	11.700	4.400
4908	Bæjarhreppur	31.800	19.000	12.700	4.700
4909	Broddaneshreppur	31.800	19.000	12.700	4.700
4910	Hólmavík	36.700	22.000	14.600	5.500
5000	Siglufjörður	38.600	23.100	15.400	5.700
5200	Skagafjörður	57.200	34.300	22.800	8.500
5508	Húnaþing vestra	39.500	23.700	15.800	5.900
5601	Áshreppur	32.500	19.500	13.000	4.800
5602	Sveinsstaðahreppur	32.600	19.500	13.000	4.800
5603	Torfalækjarhreppur	39.300	23.500	15.700	5.800
5604	Blönduós	42.700	25.600	17.000	6.400
5605	Svínavatnshreppur	32.800	19.600	13.100	4.900
5606	Bólstaðarhlíðahreppur	33.100	19.800	13.200	4.900
5609	Höfðahreppur	40.200	24.100	16.000	6.000
5611	Skagabyggð	29.000	17.400	11.600	4.300
5706	Akrahreppur	39.100	23.400	15.600	5.800
6000	Akureyri	103.400	62.000	41.300	15.500
6100	Húsavík	58.800	35.200	23.500	8.800
6200	Ólafsfjörður	50.900	30.500	20.300	7.600
6400	Dalvíkurbyggð	69.600	41.700	27.800	10.400
6501	Grimseyjarhreppur	32.800	19.600	13.100	4.900

Númer	Sveitarfélag	Fullgert kr.	Tilbúid til innréttingar kr.	Fokhelt kr.	Sökklar kr.
6504	Hríseyjarhreppur	31.800	19.000	12.700	4.700
6506	Arnarneshreppur	45.600	27.300	18.200	6.800
6513	Eyjafjarðarsveit	52.800	31.600	21.100	7.900
6514	Hörgárbyggð	57.000	34.200	22.800	8.500
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	57.100	34.200	22.800	8.500
6602	Grýtubakkahreppur	50.000	30.000	20.000	7.500
6607	Skútustaðahreppur	40.400	24.200	16.100	6.000
6609	Aðaldælahreppur	37.700	22.600	15.000	5.600
6611	Tjörneshreppur	37.800	22.600	15.100	5.600
6612	Pingeyjarsveit	37.300	22.300	14.900	5.500
6701	Kelduneshreppur	36.700	22.000	14.600	5.500
6702	Öxarfjarðarhreppur	32.600	19.500	13.000	4.800
6705	Raufarhafnarhreppur	30.100	18.000	12.000	4.500
6706	Svalbarðshreppur	30.600	18.300	12.200	4.500
6707	Þórshafnarhreppur	35.900	21.500	14.300	5.300
7000	Seyðisfjörður	48.100	28.800	19.200	7.200
7300	Fjarðabyggð	45.400	27.200	18.100	6.800
7501	Skeggjastaðahreppur	30.500	18.300	12.200	4.500
7502	Vopnafjarðarhreppur	39.900	23.900	15.900	5.900
7505	Fljótaldshreppur	25.400	15.200	10.100	3.800
7506	Fellahreppur	55.300	33.100	22.100	8.200
7509	Borgarfjarðarhreppur	30.400	18.200	12.100	4.500
7512	Norður-Hérað	31.700	19.000	12.600	4.700
7605	Mjóafjarðarhreppur	25.300	15.100	10.100	3.700
7610	Fáskrúðsfjarðarhreppur	24.400	14.600	9.700	3.600
7613	Breiðdalshreppur	32.300	19.300	12.900	4.800
7617	Djúpavogshreppur	35.500	21.300	14.200	5.300
7618	Austur-Hérað	72.800	43.600	29.100	10.900
7619	Austurbyggð	36.400	21.800	14.500	5.400
7708	Hornafjörður	59.300	35.500	23.700	8.800
8000	Vestmannaeyjar	61.800	37.000	24.700	9.200
8200	Sveitarfélagið Árborg	90.700	54.400	36.200	13.600
8508	Mýrdalshreppur	37.000	22.200	14.800	5.500
8509	Skaftárhreppur	34.200	20.500	13.600	5.100
8610	Ásahreppur	34.000	20.400	13.600	5.100
8613	Rangárþing eystra	46.100	27.600	18.400	6.900
8614	Rangárþing ytra	54.500	32.700	21.800	8.100
8701	Gaulverjabæjarhreppur	48.500	29.100	19.400	7.200
8706	Hraungerðishreppur	48.500	29.100	19.400	7.200
8707	Villingaholtshreppur	48.600	29.100	19.400	7.200
8710	Hrunamannahreppur	50.400	30.200	20.100	7.500
8716	Hveragerði	89.100	53.400	35.600	13.300
8717	Ölfus	79.100	47.400	31.600	11.800
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	55.300	33.100	22.100	8.200
8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	48.200	28.900	19.200	7.200
8721	Bláskógabyggð	55.700	33.400	22.200	8.300

REGLUGERÐ

um Orkuveitu Reykjavíkur.

I. Almennt.

1. gr.

Eigendur – ábyrgð eigenda.

Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrirtæki í eigu eftirtalinna sveitarfélaga í þeim eignarhlutföllum sem hér segir: Reykjavíkurborg 93,539%, Akraneskaupstaður 5,528%, Borgarbyggð 0,761%, og Borgarfjarðarsveit 0,172%. Orkuveita Reykjavíkur starfar á grundvelli laga nr. 139 frá 21. desember 2001 um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur og reglugerðar þessarar.

Heimili og varnarþing er í Reykjavík, en heimilt er að starfrækja útibú á öðrum stöðum. Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

Heimilt er að sameina Orkuveitu Reykjavíkur við sambærilega starfsemi annarra sveitarfélaga eða annarra opinberra aðila eða félaga í þeirra eigu.

Eiganda er óheimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis sameigendanna.

Hver eigandi um sig er í einfaldri hlutfallslegri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins. Hlutfallsleg einföld ábyrgð hvers eiganda um sig tekur mið af eignarhluta hans í fyrirtækinu.

Orkuveitu Reykjavíkur er heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Nýjar ábyrgðir og skuldbindingar stjórnar umfram 5% af höfuðstól á ári hverju skulu lagðar fyrir eigendur fyrirfram til samþykktar.

Með höfuðstól er átt við bókfært eigið fé Orkuveitu Reykjavíkur í lok næstliðins árs.

Heimild til að skuldbinda sameignarfyrirtækið, með þeim takmörkunum sem fram koma í 5. mgr. þessarar greinar, er í höndum stjórnar þess og nægir atkvæði meirihluta stjórnarmanna til þessa. Með skuldbindingum er í ákvæði þessu átt við lántökur, kaup, sölu eða veðsetningu á fasteignum fyrirtækisins eða öðrum veigameiri eignum þess, hlutabréfum, lánveitingum o.þ.h.

2. gr.

Tilgangur.

Tilgangur Orkuveitu Reykjavíkur er vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækisins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Heimilt er Orkuveitu Reykjavíkur að reka dótturfélög og eiga hlut í öðrum félögum.

3. gr.

Stjórn.

Stjórn fyrirtækisins er skipuð sex mönnum, fimm kjörnum af borgarstjórn Reykjavíkur og einum kjörnum af bæjarstjórn Akraness. Borgarstjórn Reykjavíkur kýs formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi fulltrúa Reykjavíkurborgar. Á stjórnarfundum vegur atkvæði formanns tvöfalt.

Varamenn, jafnmargir, skulu kjörnir á sama hátt og aðalmenn. Kjörtímabil stjórnarinnar er eitt ár í senn, frá aðalfundi Orkuveitu Reykjavíkur á viðkomandi ári til aðalfundar á næsta ári.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur fer með málefni fyrirtækisins og annast um að skipulag fyrirtækisins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn og forstjóri fara með stjórn fyrirtækisins. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bók-

haldi og meðferð fjármuna fyrirtækisins. Einungis stjórn Orkuveitu Reykjavíkur getur veitt prókúruumboð.

Aðalfund skal halda í júnímánuði ár hvert. Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir liðið reikningsár ásamt skýrslu endurskoðanda fyrirtækisins, lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um arðgreiðslur til eigenda Orkuveitu Reykjavíkur og um aðra meðferð hagnaðar eða taps Orkuveitu Reykjavíkur á reikningsárinu.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið starfsár.
5. Lýst kjöri stjórnar.
6. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
7. Umræður um önnur mál.

Rétt til setu á aðalfundi eiga borgar- og bæjarstjórar eignaraðila, stjórn og forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur og löggiltur endurskoðandi fyrirtækisins. Borgar- og bæjarstjórar hlutaðeigandi sveitarfélaga fara með atkvæðisrétt eignaraðila á aðalfundi og skal atkvæðisréttur vera í samræmi við eignarhluta hvers þeirra. Heimilt er stjórn fyrirtækisins að bjóða öðrum að sitja aðalfund félagsins.

4. gr.

Forstjóri.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur ræður forstjóra er veitir fyrirtækinu forstöðu. Forstjóri skal eiga sæti á stjórnarfundum.

Forstjóri hefur á hendi framkvæmd stefnu stjórnar fyrirtækisins. Skal hann vinna sjálfstætt að stefnumótun þess og áætlanagerð. Hann annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins, allar framkvæmdir og undirbúning þeirra, sjóðvörslu og reikningshald og ráðningu starfslíðs. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur forstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi fyrirtækisins. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Forstjóri kemur fram fyrir hönd fyrirtækisins í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Forstjóra ber að veita stjórn og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur fyrirtækisins sem þeir kunna að óska eða veita ber samkvæmt lögum. Stjórn skal setja forstjóra starfslýsingu.

Forstjóri sér um að bókhald fyrirtækisins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna fyrirtækisins sé með tryggilegum hætti.

5. gr.

Veituvæði.

Orkuveita Reykjavíkur hefur einkaleyfi til starfrækslu hitaveitu á eftirtöldum svæðum: Reykjavík, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Álftanes, Akranes, Borgarnes og Þorlákshöfn. Orkuveitu Reykjavíkur er heimilt að starfrækja hitaveitur á öðrum svæðum og í öðrum sveitarfélögum. Orkuveitu Reykjavíkur er heimilt að selja vatn öðrum sveitarfélögum, sem sjálf annast dreifingu heits vatns.

Orkuveita Reykjavíkur hefur einkarétt til sölu og dreifingar rafmagns á eftirtöldum svæðum: Reykjavík, Mosfellsbær, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær norðan Hraunholtslækjar og Akranes.

Heimilt er öðrum sveitarfélögum að framselja Orkuveitu Reykjavíkur leyfi og réttindi til reksturs veitna og dreifikerfa sinna ef samningar takast um það. Aðrir sem reka orkumannvirki á starfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur við gildistöku reglugerðar þessarar skulu halda þeim rétti sínum.

Orkuveita Reykjavíkur ber skyldur Reykjavíkurborgar og Akraneskaupstaðar til starfrækslu vatnsveitna í sveitarfélögunum og yfirtekur þá samninga sem sveitarfélögin hafa gert um vatnssölu til annarra sveitarfélaga. Ennfremur ber Orkuveita Reykjavíkur skyldur Borgabyggðar til starfrækslu vatnsveitna í Borgarnesi og á Bifröst.

6. gr.

Gjaldskrár – rekstur.

Stjórn sameignarfyrirtækisins setur gjaldskrár um verð á seldri orku og vatni til notenda.

Gjaldskrár fyrir dreifiveitu rafmagns skal sett samkvæmt 17. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Gjaldskrá heits vatns, sem selt er á grundvelli 30. gr. orkulaga nr. 58/1967, öðlast eigi gildi fyrr en hún hefur verið staðfest af iðnaðarráðherra og birt í Stjórnartíðindum. Aðrar gjaldskrár heits vatns og rafmagns sem samþykktar eru af stjórn Orkuveitu Reykjavíkur öðlast eigi gildi fyrr en þær hafa verið birtar opinberlega. Gjaldskrá vatnsveitu skal byggð á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991.

Orkuveita Reykjavíkur hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslu fyrir selda orku og öðrum tekjum. Skal tekjunum varið til að standa strauum af öllum greiðsluskuldbindingum, svo sem afborgunum áhvílandi skulda, vöxtum og öðrum rekrarkostnaði. Þá skal tekjunum varið til fullnægjandi viðhalds og endurnýjunar mannvirkja og tækja.

Við það skal miðað að Orkuveita Reykjavíkur skili eðlilegum arði miðað við það fjármagn sem á hverjum tíma er bundið í fyrirtækinu. Ákvörðun um ráðstöfun arðsins skal tekin af aðalfundi.

Rekstur deilda Orkuveitu Reykjavíkur skal aðgreindur reikningslega og fjárhagslega í samræmi við þarfir Orkuveitu Reykjavíkur og lagaáskilnað. Aðgreiningunni skal þannig háttað að unnt sé að sannreyna raunverulegan kostnað af orkuöflun, flutningi, dreifingu og sölu. Sameiginlegum kostnaði skal skipt á deildir fyrirtækisins samkvæmt áætlun sem staðfest skal af stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.

Við rekstur Orkuveitu Reykjavíkur skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaréttarstarfsemi eða verndaðri starfsemi.

7. gr.

Opinber gjöld.

Um skyldu Orkuveitu Reykjavíkur til greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarsjóða fer á sama hátt sem um skyldu fyrirtækja og stofnana sem sýslu- og sveitarfélög reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á og slíkan rekstur hafa með höndum. Orkuveita Reykjavíkur skal undanþegin stimpilgjöldum.

8. gr.

Sameignarsamningur.

Eigendur Orkuveitu Reykjavíkur skulu gera með sér sameignarsamning þar sem fram komi frekari ákvæði um fyrirtækið. Til breytinga á sameignarsamningnum þarf samþykki eigenda $\frac{3}{4}$ eignarhluta fyrirtækisins. Setja skal nánari ákvæði um starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur með reglugerðum sem ráðherrar staðfesta. Í reglugerðum skal meðal annars kveða á um orkuöflun, orkuveitu, orkusölu og viðbrögð við misnotkun.

II. Nýsköpun og þróun.

9. gr.

Innan Orkuveitu Reykjavíkur skal starfrækt sérstakt svið eða deild sem sinnir nýsköpun og markaðsstarfi vegna sölu á orku, þróunar- og rannsóknarverkefnum, hérlendis og erlendis. Skal starfsemi þessari markaður rammi í stefnumótun fyrirtækisins.

III. Orkuöflun.

10. gr.

Öflun orku.

Orkuveita Reykjavíkur aflar orku í eigin orkuverum eða með kaupum á markaði.

Orkuveitu Reykjavíkur er heimilt að kaupa orkuver og starfrækja slík mannvirki, enda fáist til þess tilskilin leyfi.

IV. Orkuveita.

11. gr.

Orkuflutningur og dreifing.

Orkuveita Reykjavíkur flytur orku um eigin flutnings-, aðveitu-, og dreifikerfi, eða eftir slíkum kerfum í eigu annarra enda fáist til þess tilskilin leyfi. Orkuveitu Reykjavíkur er heimilt að kaupa flutnings-, aðveitu- og dreifikerfi af öðrum til eigin nota eða rekstrar.

Orkuveita Reykjavíkur annast lagningu, viðhald og endurnýjun flutnings-, aðveitu- og dreifikerfis, þ.m.t. heimlagna.

12. gr.

Húsveitur.

Orkuveitu Reykjavíkur er heimilt að setja í tengiskilmála ákvæði um lagningu heimlagna og tengingu þeirra við húsveitur húseigenda. Húsveita sem tengist veitukerfi Orkuveitu Reykjavíkur skal fullnægja kröfum sem settar eru í reglugerðum og tengiskilmálum.

Heimtaugar ásamt stofnvarkassa þar sem það á við og heimæðar ásamt tengigrind eru eign Orkuveitu Reykjavíkur ef ekki er sérstaklega um annað samið og þótt tengigjald hafi verið greitt.

Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss og húsveita fullnægir ekki þeim skilyrðum sem sett eru í raforkulögum, skipulagslögum, byggingarlögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, þá getur Orkuveita Reykjavíkur ákveðið að tengja hús samkvæmt sérstöku samkomulagi við húseiganda eða að hús sé ekki tengt. Heimilt er Orkuveitu Reykjavíkur að krefjast þess að húseigandi láti þinglýsa yfirlýsingu á húseignina um að hún hafi verið tengd samkvæmt sérstöku samkomulagi. Um tengingu húsveitna við raforkudreifikerfi Orkuveitu Reykjavíkur gilda ákvæði raforkulaga nr. 65/2003 með síðari breytingum. Heimilt er að krefja eiganda um kostnað við úrbætur á húsveitu sem óskar tengingar.

Umsókn um heimlögn eða breytingar á þeim skal undirrituð af húseiganda er skuldbindur sig jafnframt til þess með undirskrift sinni að greiða heimlagnagjald það sem kveðið er á um í verðskrá Orkuveitu Reykjavíkur. Orkuveita Reykjavíkur getur heimilað afgreiðslu umsóknar sem berst með rafrænum hætti. Húseigandi ber kostnað við þær breytingar á heimlögnum sem framkvæmdar eru að hans ósk. Þegar heimlögn hefur verið lögð er heimlagnagjald gjaldkræft.

Telji Orkuveita Reykjavíkur nauðsynlegt að komið verði upp tengivirki í húsi eða á lóð viðkomandi húseignar vegna væntanlegrar orkuafhendingar, skal Orkuveitu Reykjavíkur látið í té húsrými með sérstökum samningi eða lóð án endurgjalds enda sé tengivirkið nauðsynlegt fyrir viðkomandi hús. Þetta gildir þó aðeins ef um er að ræða mikla orkunotkun og hagkvæmnissjónarmið eiga við að mati Orkuveitu Reykjavíkur.

Óski Orkuveita Reykjavíkur eftir spennubreytingu á húsveitu, er húseiganda/orkukaupanda skylt að hlíta því, enda sé breytingin gerð á kostnað Orkuveitu Reykjavíkur. Óski hús-eigandi eftir spennubreytingu á húsveitu sinni verður Orkuveita Reykjavíkur við þeirri ósk verði því við komið m.t.t. dreifikerfis. Orkuveitu Reykjavíkur er heimilt að láta umsækjanda greiða kostnað við slíka breytingu nýtist hún dreifikerfinu ekki að öðru leyti.

Viðskiptavinur skal gæta þess að ekki sé hætt á að vatn frjósi í tengigrind eða inntaki og viðskiptavinur skal tryggja nægjanlegt rennsli til þess eða gera aðrar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru. Sé þess ekki kostur ber honum að tilkynna það Orkuveitu Reykjavíkur eins fljótt og auðið er, svo unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana. Sér í lagi ber viðskiptavinum sem reka húsveitur þar sem ekki er dagleg viðvera að tryggja óhindrað rennsli heita vatnsins gegnum inntak, tengigrind og stjórnþúnað húsveitnanna til varnar frosthættu.

Kostnaður við aftengingu og endurtengingu húsveitna við dreifikerfi Orkuveitu Reykjavíkur skal greiddur af viðskiptavini samkvæmt verðskrá. Varanleg aftenging eftir skriflegri beiðni húseiganda er þó gjaldfrjál.

Orkuveita Reykjavíkur getur krafist breytinga á húsveitum eða sett skilyrði fyrir tengingu þeirra ef af þeim er bein slyshætta og ef tækjabúnaður eða virkni húsveitna hafa óæskileg áhrif á rekstur veitukerfa orkuveitunnar eða á nærliggjandi viðskiptavini. Sinni viðskiptavinnur ekki kröfum orkuveitunnar um úrbætur er heimilt að stöðva orkuafhendingu.

Ef viðskiptavinur óskar eftir því að aftengjast dreifikerfinu um tíma, er heimilt að taka gjald samkvæmt verðskrá.

13. gr.

Takmörkun á orkuafhendingu.

Komi til skömmtunar á heitu vatni í lengri eða skemmri tíma, skal þess gætt að orka til húshitunar njóti forgangs.

Komi til skömmtunar á raforku skal farið að reglum um skömmtun, settum á grundvelli reglugerðar um framkvæmd raforkulaga.

Við afhendingu orku til fjarliggjandi staða eða til staða þar sem lóðareigendur neita að leggja til lóð fyrir nauðsynlega spennistöð og lóð eða aðstöðu fyrir stólpa eða festur fyrir raflínur án endurgjalds, getur Orkuveita Reykjavíkur krafist sérstakra greiðslna frá viðskiptavini.

Orkuveitu Reykjavíkur er ekki skylt að veita afslátt af sölu heits vatns vegna lágs hitastigs þess á afhendingarstað enda geri Orkuveita Reykjavíkur þær ráðstafanir sem má ætlast til af henni til að halda hitastiginu í eðlilegu horfi.

Orkuveitu Reykjavíkur er heimilt að nota bakrennslisvatn sem runnið hefur í gegnum húsveitur.

14. gr.

Takmörkuð bótaábyrgð.

Stöðvun á rekstri veitunnar, eða hluta hennar, vegna viðgerða og tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er, og koma skal á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem unnt er.

Réttur viðskiptavinnar til afnota af hitaveituvatni skuldbindur ekki Orkuveitu Reykjavíkur til þess að tryggja að þrýstingur í dreifiaðum sé ávallt nægilegur, enda geri Orkuveita Reykjavíkur þær ráðstafanir sem ætlast má til af henni til að halda þrýstingnum í eðlilegu horfi.

Orkuveita Reykjavíkur undanþiggur sig, að svo miklu leyti sem lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 heimila, bótaábyrgð á tjóni, jafnt beinu sem óbeinu, sem rekja má til frosts, bilana eða takmarkana á orkuvinnslunni, spennubreytinga rafmagns, þrýstibreytinga heits vatns, stöðvunar orkuafhendingar eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í hitaveituæð er stöðvað eða rafstraumur rofinn vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra aðgerða Orkuveitu Reykjavíkur. Viðskiptavinir eiga ekki bótakröfu á hendur Orkuveitu Reykjavíkur, þótt straumur hafi verið rofinn eða rennsli stöðvað fyrirvaralaust. Orkuveita Reykjavíkur ber ekki ábyrgð á óbeinu eða afleiddu tjóni orkukaupanda eða húseiganda. Orkuveita Reykjavíkur tekur ekki ábyrgð á veitu viðskiptavinnar með úttekt eða tengingum.

Ábyrgðartakmörkun samkvæmt þessari grein er bundin því að beint tjón orkukaupanda/húseiganda verði ekki rakið til mistaka starfsmanna Orkuveitu Reykjavíkur.

15. gr.

Mælitæki.

Orkuveita Reykjavíkur eða faggiltur aðili sem Orkuveita Reykjavíkur hefur gert samning við á og setur upp nauðsynleg mælitæki vegna sölu og ákveður fjölda, tegund og staðsetningu. Mælitækin má ekki flytja til án samþykkis Orkuveitu Reykjavíkur en Orkuveita Reykjavíkur getur krafist flutnings þeirra, ef staðsetningin er óhentug. Starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur og verktakar á vegum Orkuveitu Reykjavíkur skulu ætíð hafa aðgang að mælitækjum og þeir einir mega rjúfa innsigli þeirra. Starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur og verktakar skulu ætíð bera skilríki sem sannar heimild þeirra til aðgengis að mælitækjum.

Eiganda fasteignar er skylt að tryggja aðgengi Orkuveitu Reykjavíkur að mælitækjum. Orkuveita Reykjavíkur getur sent eiganda fasteignar áskorun um aðgengi að mælitækjum með 7 daga fyrirvara. Verði eigandi ekki við áskorun Orkuveitu Reykjavíkur ber eigandi fulla ábyrgð á orkunotkun frá þeim tíma er fresturinn rann út og einfalda ábyrgð á öllum kostnaði sem hlýst af aðgerðum Orkuveitu Reykjavíkur við lokun á orkuafhendingu.

Orkuveitu Reykjavíkur er heimilt að flytja mælitæki, sem hafa verið lokuð þrjá mánuði eða lengur, á nafn eiganda fasteignar einum mánuði eftir tilkynningu þess efnis, þar sem eiganda er gefinn kostur á að veita aðgang að mælitækjum svo unnt verði að taka þau niður.

Verði mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum er heimilt að skylda þann orkukaupanda sem ábyrgur er fyrir notkun um mælitækið til að greiða kostnað við viðhald eða endurnýjun þess.

Mælitæki telst rétt ef mesta skekkja þess er innan 4% marka. Hafi mælitækið sýnt meira en sem nemur mestri leyfilegri skekkju þess, ber Orkuveitu Reykjavíkur að leiðrétta reikninga viðkomandi orkukaupanda. Hafi mælitækið sýnt minna en sem nemur mestri leyfilegri skekkju þess er félaginu heimilt að leiðrétta reikninga viðkomandi viðskiptavinar, enda sé um veruleg frávik frá hámarksskekkju að ræða.

Við leiðréttingu á reikningum skal miða við mælt frávik mælitækisins að teknu tilliti til fyrri notkunar viðkomandi orkukaupanda og annarra aðstæðna sem gefið gætu vísbendingar um það hvenær mælitækið bilaði. Ekki skal miða leiðréttingu reikninga við lengra tímabil en eitt ár enda hafi orkukaupanda ekki verið ljóst eða mátt vera það ljóst, að um bilun mælitækis væri að ræða.

V. Orkusala.

16. gr.

Sala orku.

Orkuveita Reykjavíkur selur orku í samræmi við reglugerð þessa, tengiskilmála og gjaldskrár.

Orkuveitu Reykjavíkur er heimilt að gera sérsamninga um sölu á þjónustu og orku.

Orkuveita Reykjavíkur skal setja sér gjaldskrár og fer um gildistöku þeirra eftir því sem segir í 6. gr. reglugerðar þessarar.

17. gr.

Orkureikningar.

Notkunargjöld verða krafín mánaðarlega samkvæmt nánari ákvæðum gjaldskrár, en heimilt er að láta lengri tíma líða milli gjaldþega. Við verðbreytingar á orku og fastagjöldum skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hverrar gjaldskrár á því tímabili sem reikningurinn tekur til. Orkuveita Reykjavíkur ákveður gjaldþega reikninga.

Orkuveita Reykjavíkur má byggja orkureikninga á áætlun um orkunotkun viðskiptavinar og innheimta reglulega skv. slíkrí áætlun. Reikningar sem eru byggðir á orkunotkun nefnast „uppgjorsreikningar“, en reikningar sem eru byggðir á áætlaðri orkunotkun nefnast „áætlunarreikningar“.

Orkunotkun skal sannreyna u.þ.b. árlega. Þegar orkunotkun hefur verið sannreynd skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra og koma þá áætlunarreikningar til frádráttar.

Leiði aukin orkunotkun af galla á búnaði orkukaupanda, er Orkuveitu Reykjavíkur ekki skylt að lækka orkureikning vegna þess.

Viðskiptavinur getur jafnan, gegn greiðslu aukagjalds, krafist aukaálestrar og uppgjors miðað við mælda notkun. Enn fremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um orkunotkun vegna nýrra forsendna.

Heimilt er að skipta reikningi vegna orkukaupa um einn mæli. Sé það gert bera orkukaupendur um þann mæli hver um sig ábyrgð in solidum á greiðslu hvers reiknings. Við vanskil á einum eða fleiri reikningum er heimilt að stöðva orkuafhendingu um hinn sameiginlega mæli. Bera viðkomandi viðskiptavinir allan aukakostnað sem hinni auknu þjónustu er samfara.

Reikninga skal að jafnaði senda viðskiptavini á notkunarstað.

Heimilt er að beita rafrænni greiðslumiðlun til greiðslu á reikningum að ósk viðskiptavinar. Í þeim tilfellum skal senda viðkomandi viðskiptavini yfirlit um skuldfærslur og notkun árlega. Notkun greiðslumæla er heimil með samþykki Orkuveitu Reykjavíkur og viðskiptavinar.

Viðskiptavinum er skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár og breytingum sem þar kunna að verða á.

Verði greiðslufall á reikningi, hvort sem um er að ræða áætlunar- eða uppgjorsreikning, má Orkuveita Reykjavíkur áskilja sér og innheimta dráttarvexti frá og með gjalddaga reiknings til greiðsludags, auk kostnaðar sem af innheimtu kröfunnar hlýst.

18. gr.

Lokun fyrir orkuafhendingu.

Orkuveita Reykjavíkur hefur rétt til að loka fyrir rafmagn og rennsli heits vatns að húsi eða íbúð viðskiptavinar, sem vanrækir að greiða orkureikninga, þ.m.t. reikninga vegna heimlagngjalda, ásamt vöxtum og öllum innheimtukostnaði. Einnig ef húseigandi vanrækir skyldur sínar skv. reglugerð þessari. Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa eftir gjalddaga og að undangenginni skriflegri aðvörun, sem send er viðskiptavini með hæfilegum fyrirvara, sem egi skal vera skemmri en þrír dagar. Orkuveita Reykjavíkur ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar lokunar.

Heimild þessi er til staðar hvort sem um er að ræða uppgjorsreikning eða áætlunarreikning.

Beri viðskiptavinur ábyrgð á orkukaupum um fleiri en einn mæli má stöðva orkuafhendingu um hvern þeirra sem er eða alla, vegna vanskila eða vanefnda í sambandi við einn þeirra.

Stöðvun orkuafhendingar hefur engin áhrif á greiðsluskyldu orkukaupenda á skuldum við Orkuveitu Reykjavíkur.

Skuldari greiðir allan kostnað af lokun og opnun á ný samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

Sé lokað vegna vanskila getur Orkuveita Reykjavíkur ákveðið að opna ekki aftur, nema ekki sé lengur um vanskil eða aðrar vanefndir að ræða og/eða trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis.

19. gr.

Orkukaupendur.

Skráður orkukaupandi ber ábyrgð á notkun um þau mælitæki húsveitu sem hann er skráður fyrir, þar til hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkun eða tilkynnt flutning. Uppsögn eða flutning skal tilkynna Orkuveitu Reykjavíkur með eðlilegum fyrirvara, sem annast lokaálestur.

Orkuveita Reykjavíkur getur átt kröfu á hendur öðrum en skráðum notanda, færi fyrir-tækið sönnur á að um málamyndagerning sé að ræða.

Þegar um er að ræða sameiginlega notkun í fjöleignarhúsi er húseigendum skylt að skrá húsfélag fyrir notkuninni. Sé sameiginlegt mælitæki fjöleignahúss skráð á einstakling er Orkuveitu Reykjavíkur heimilt að gera húsfélagið ábyrgt fyrir notkuninni eða þá einstaklinga sem notið hafa hennar, eftir því sem við á.

Ef fasteign er seld nauðungarsölu er Orkuveitu Reykjavíkur heimilt að skrá orkunotkun á nýjan eiganda fasteignar frá þeim degi sem uppboðsafsal er gefið út.

Hafi eigi annar viðskiptavinur sótt um að fá mælitæki skráð á sitt nafn, skal loka því, og eigi skal hefja orkusölu á ný um tækið, fyrr en tilkynnt hefur verið um nýjan notanda.

Tilkynningu um breytingu á notkun, þannig að hún geti fallið undir annan gjaldskrárlíð, skal senda Orkuveitu Reykjavíkur með mánaðar fyrirvara.

Ef húseigandi eða trúnaðarmaður hans verður þess var, að orkukaupendaskipti hafa orðið, án þess að þau hafi verið tilkynnt Orkuveitu Reykjavíkur, ber honum að gera Orkuveitu Reykjavíkur aðvart um það án tafar. Vanræki húseigandi þessa tilkynningarskyldu sína ber hann einfalda ábyrgð vegna ógreiddrar orkunotkunar þess aðila.

Heimilt er Orkuveitu Reykjavíkur að neita aðilum um að skrá sig fyrir orkunotkun á sama stað, ef aðili þeim nákominn hefur verið skráður þar og vanskil eru vegna orkunotkunar. Skilgreining á orðinu nákominn er bundin við maka, foreldra og börn, en hvað varðar félög er skilgreining sú sama og er í lögum um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991.

Heimilt er Orkuveitu Reykjavíkur að krefjast tryggingar vegna áætlaðrar notkunar allt að þrjá mánuði fram í tímann.

VI. Misnotkun – viðurlög.

20. gr.

Misnotkun.

Verði uppvíst að orka hafi verið notuð með öðrum hætti en um er samið, raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tengingum, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal Orkuveita Reykjavíkur áætla þá orku sem notuð hefur verið í óleyfi og gera reikning fyrir þá orku í samræmi við verðskrá og skal notandi greiða fyrir það gjald eftir verðskrá þann tíma sem liðinn er frá síðasta aflestri. Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um sennilega notkun má miða við undangengna hámarksnotkun. Við endurtekningu skal rjúfa tengingar viðkomandi við veitukerfið.

21. gr.

Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari eða skilmálum Orkuveitu Reykjavíkur skal fara með að hætti opinberra mála.

Brot á reglugerð þessari getur og varðað bótaskyldu samkvæmt almennum reglum.

Vanræki viðskiptavinur að gera úrbætur sem Orkuveita Reykjavíkur hefur mælt fyrir um, í samræmi við reglugerð þessa, getur Orkuveita Reykjavíkur látið framkvæma það sem þörf krefur, á kostnað viðskiptavinar.

VII. Gildistaka.

22. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem samþykkt er af stjórn Orkuveitu Reykjavíkur er hér með staðfest skv. lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur nr. 139, 21. desember 2001, orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og raforkulögum nr. 65, 27. mars 2003 og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar eftirtalдар reglugerðir: Reglugerð nr. 793/1998 um Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 892/2001, sbr. nr. 976/2000 fyrir Akranesveitu og nr. 245/2001 fyrir Hitaveitu Þorlákshafnar.

Iðnaðarráðuneytinu, 14. júlí 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

REGLUGERÐ**um fæðubótarefni.**

1. gr.

Gildissvið og almenn ákvæði.

Reglugerð þessi gildir um fæðubótarefni eins og þau eru skilgreind í 2. gr. Ákvæði hennar ná þó ekki til fæðubótarefna sem ætluð eru til útflutnings til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins. Reglugerðin gildir ekki um lyf eins og þau eru skilgreind í lyfjalögum.

2. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Fæðubótarefni: Matvæli sem eru ætluð sem viðbót við venjulegt fæði og sem eru með hátt hlutfall af vítamínum, steinefnum eða annars konar efnum sem hafa næringar- eða líf-eðlisfræðileg áhrif. Þessi efni geta verið ein sér eða blönduð saman, og eru markaðssett í formi skammta, nánar tiltekið sem hylki, brjóstsykur, töflur, pillur og í öðru svipuðu formi, duftpokar, vökvaampúlur, dropaglös og í öðru svipuðu formi vökva og dufts sem er ætlað til inntöku í mældum, smáum skömmtum.

3. gr.

Vítamín og steinefni.

Við framleiðslu á fæðubótarefnum er eingöngu heimilt að nota þau vítamín og steinefni sem fram koma í viðauka 1 við þessa reglugerð og á því formi sem fram kemur í vikauka 2. Þó er heimilt, fram til 31. desember 2009, að nota vítamín og steinefni sem ekki koma fram í viðauka 1 eða á öðru formi en fram kemur í viðauka 2 að því tilskyldu að:

1. Viðkomandi efni sé notað í einu eða fleiri fæðubótarefni sem markaðssett er á Evrópska efnahagssvæðinu við gildistöku reglugerðarinnar.
2. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) hafi ekki gefið neikvætt álit að því er varðar notkun efnisins eða notkun þess á viðkomandi formi við framleiðslu fæðubótarefna.

4. gr.

Hreinleiki.

Í þeim tilvikum þar sem Evrópusambandið hefur skilgreint hreinleika fyrir efni í fæðubótarefnum, skal hreinleiki efna sem notuð eru í framleiðslu á fæðubótarefnum vera í samræmi við þær skilgreiningar. Hafi Evrópusambandið ekki sett hreinleikaskilyrði fyrir þessi efni, eins og þau eru notuð við framleiðslu á fæðubótarefnum, skulu um þessi efni gilda reglur er varða hreinleika efnanna þegar þau eru notuð í öðrum tilgangi en þeim sem þessi reglugerð tekur til, t.d. eins og fram kemur í reglugerð um aukefni og reglugerð um barnamat fyrir ungbörn og smábörn. Séu engar Evrópusambandsreglur fyrir hendi getur Umhverfisstofnun sett sem skilyrði að hreinleiki efna sem notuð eru í framleiðslu á fæðubótarefnum séu í samræmi við skilgreiningar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO), Alþjóðlega staðlaráðsins (Codex Alimentarius) eða evrópsku lyfjaskráarinnar (European Pharmacopeia).

5. gr.

Merkingar.

Auk þess að uppfylla ákvæði reglugerðar um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla, skulu fæðubótarefni sem falla undir reglugerð þessa vera merkt á eftirfarandi hátt:

1. Með heitinu „Fæðubótarefni“ á sama sjónsviði og heiti vörunnar.
2. Með heiti þess flokks efnis eða efna sem einkenna vöruna.
3. Með ráðlögðum daglegum neysluskammti.
4. Með varnarorðum um að neyta ekki meira af vörunni en ráðlagður daglegur neysluskammtur segir til um.
5. Með yfirlýsingu þess efnis að ekki skuli neyta fæðubótarefna í stað fjölbreyttrar fæðu.
6. Með yfirlýsingu um að geyma skuli vöruna þar sem börn nái og sjái ekki til.

Óheimilt er í merkingu, auglýsingu og kynningu fæðubótarefna að staðhæfa eða gefa í skyn, að nægilegt magn næringarefna fái ekki almennt úr rétt samsettri eða fjölbreyttri fæðu. Þá er óheimilt að eigna fæðubótarefnum þá eiginleika að fyrirbyggja, vinna á eða lækna sjúkdóma manna eða gefa í skyn slíka eiginleika.

Umhverfisstofnun getur gert kröfu um eða heimilað sérstaka merkingu fæðubótarefna til að vernda viðkvæma þjóðfélagshópa.

6. gr.

Merking næringargildis.

Merkja þarf, með tölugildum á umbúðir, magn vítamína, steinefna og annarra efna með næringar- eða lífeðlisfræðileg áhrif sem eru í fæðubótarefnum eins og þau eru tilbúin til notkunar og markaðssett. Eingöngu skal nota þær einingar sem koma fram í viðauka 1 fyrir vítamín og steinefni og, eins og við á, míkrogrömm (μg), milligrömm (mg) eða grömm (g) fyrir önnur efni sem hafa næringar- eða lífeðlisfræðileg áhrif.

Uppgefið magn vítamína og steinefna í merkingu næringargildis skal vera það magn sem gefið er upp á merkimiða sem ráðlagður daglegur neysluskammtur. Magn þetta skal einnig gefið upp sem hlutfall af ráðlögðum dagskammti eins og við á skv. reglugerð um merkingu næringargildis matvæla, V. viðauka reglugerðar um barnamat fyrir ungbörn og smábörn og viðauka VIII reglugerðar um ungbarnablöndur og stoðblöndur.

Uppgefin gildi skulu vera meðalgildi og ýmist vera byggð á efnagreiningu á matvælunum eða útreikningum á meðalgildum fyrir innihaldsefni matvæla eða útreikningum á öðrum staðfestum og viðurkenndum gögnum eins og kveðið er á um í reglugerð um merkingu næringargildis matvæla.

7. gr.

Starfsleyfi.

Framleiðendur, innflytjendur og dreifingaraðilar fæðubótaefna skulu hafa starfsleyfi í samræmi við 9. gr. laga um matvæli. Um umsókn og útgáfu starfsleyfa fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti.

8. gr.

Ábyrgð framleiðanda/innflutningsaðila.

Innlendur framleiðandi eða innflutningsaðili er ábyrgur fyrir því að fæðubótarefni séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar og almenn ákvæði um hollustuhætti matvæla. Óheimilt er að dreifa fæðubótarefnum, sem ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.

9. gr.

Tilkynningarskylda.

Þegar vara, sem fellur undir ákvæði þessarar reglugerðar, er markaðssett í fyrsta sinn skulu innlendir framleiðendur eða innflutningsaðilar tilkynna það til Umhverfisstofnunar á þar til gerðum eyðublöðum og afhenda sýnishorn af vörinni.

10. gr.

Varúðarsjónarmið.

Komi fram rökstuddur grunur um að fæðubótarefni, sem reglugerð þessi nær til, séu hættuleg heilsu manna, á grundvelli nýrra upplýsinga eða endurmats á fyrirbyggjandi upplýsingum sem fram hafa komið frá gildistöku reglugerðarinnar, er Umhverfisstofnun heimilt að takmarka eða banna framleiðslu, innflutning og sölu á viðkomandi fæðubótarefnum.

11. gr.

Eftirlit.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hver á sínu svæði, eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar, nema annað sé ákvarðað skv. lögum eða sérreglum.

12. gr.

Þvingunarúrræði.

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt 30. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

13. gr.

Viðurlög.

Um viðurlög fer samkvæmt 31. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

14. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum um matvæli nr. 93/1995 sbr. og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og til innleiðingar á tilskipun 2002/46/EB sem vísað er til í 54zzi. tl., XII. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Heimilt er að dreifa fæðubótarefnum, sem reglugerð þessi tekur til, og eru hér á markaði við gildistöku reglugerðarinnar en uppfylla ekki ákvæði reglugerðarinnar er veittur frestur til 1. ágúst 2005.

Umhverfissráðuneytinu, 15. júlí 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

VIÐAUKI 1

Vítamín og steinefni sem heimilt er að nota við framleiðslu fæðubótarefna.

1. Vítamín

A-vítamín ($\mu\text{g RJ}^1$)
D-vítamín (μg^2)
E-vítamín (mg α -TJ³)
K-vítamín (μg)
B1-vítamín (mg)
B2-vítamín (mg)
Níasín (mg NJ⁴)
Pantóþensýra (mg)
B6-vítamín (mg)
Fólasín (μg)
B12-vítamín (μg)
Bíótín (μg)
C-vítamín (mg)

2. Steinefni

Kalsíum (mg)
Magnesíum (mg)
Járn (mg)
Kopar (μg)
Joð (μg)
Sink (mg)
Mangan (mg)
Natríum (mg)
Kalíum (mg)
Selen (μg)
Króm (μg)
Mólybden (μg)
Flúoríð (mg)
Klóríð (mg)
Fosfór (mg)

- 1 A-vítamín er gefið upp í retinóljafngildum (RJ). 1 míkróg (μg) RJ = 1 μg retinól eða 3.33AE.
- 2 D-vítamín er reiknað sem kólekalšíferól. 10 míkróg (μg) kólekalšíferól eða 400AE.
- 3 E-vítamín er reiknað sem alfa-tókóferóljafngildi (TJ). 1 mg TJ = 1 mg d-alfatókóferól eða 1.49AE.
- 4 Níasín er reiknað sem níasínjafngildi (NJ). 1 mg NJ = 1 mg níasín eða 60 mg tryptófan.

VIÐAUKI 2

Vítamín og steinefni sem heimilt er að nota við framleiðslu fæðubótarefna.

A. Vítamín

1. A-VÍTAMÍN
 - a) retínól
 - b) retínýlasetat
 - c) retínýlpalmítat
 - d) beta-karótín
2. D-VÍTAMÍN
 - a) kólíkalsíferól
 - b) ergókalsíferól
3. E-VÍTAMÍN
 - a) D-alfa-tókóferól
 - b) DL-alfa-tókóferól
 - c) D-alfa tókóferýlasetat
 - d) DL-alfa-tókóferýlasetat
 - e) D-alfa-tókóferýlsúksínsýra
4. K-VÍTAMÍN
 - a) fýllókínón (fýtómenadíón)
5. B1-VÍTAMÍN
 - a) þíamínhýdróklóríð
 - b) þíamínmónónítrat
6. B2-VÍTAMÍN
 - a) ríboflavín
 - b) natríumríboflavín-5'-fosfat
7. NÍASÍN
 - a) níkótínsýra
 - b) níkótínamíð
8. PANTÓÞENSÝRA
 - a) Kalsíum-D-pantóþenat
 - b) Natríum-D-pantóþenat
 - c) dexpanþenól
9. B6-VÍTAMÍN
 - a) píridoxínhýdróklóríð
 - b) píridoxín 5'-fosfat
10. FÓLASÍN
 - a) teróýlmónóglútamínsýra
11. B12-VÍTAMÍN
 - a) sýanókóbalamín
 - b) hýdroxókóbalamín
12. BÍÓTÍN
 - a) D-bíótín
13. C-VÍTAMÍN
 - a) L-askorbínsýra
 - b) natríum L-askorbat
 - c) kalsíum L-askorbat
 - d) kalíum L-askorbat
 - e) L-askorbýl-6-palmítat

B. Steinefni

- kalsíumkarbónat
- kalsíumklóríð
- kalsíumsalt af sítrónusýru
- kalsíumglúkonat
- kalsíumglýserófosfat
- kalsíumlaktat
- kalsíumsölt af ortófosfórsýru
- kalsíumhýdroxíð
- kalsíumoxíð
- magnesíumasetat
- magnesíumkarbónat
- magnesíumklóríð
- magnesíumsölt af sítrónusýru
- magnesíumglúkonat
- magnesíumglýserófosfat
- magnesíumsölt af ortófosfórsýru
- magnesíumlaktat
- magnesíumhýdroxíð
- magnesíumoxíð
- magnesíumsúlfat
- ferrókarbónat
- ferrósítrat
- ferríammoníumsítrat
- járnglúkonat
- ferrófúmarat
- ferrínatríumdífosfat
- ferrólaktat
- ferrósúlfat
- ferrídífosfat (ferrípýrófosfat)
- ferrísakkarat
- járn (afoxað úr karbónýl, rafgreint eða vetnisafoxað)
- kúprikarbónat
- kúprísítrat
- kúpríglúkonat
- kúprísúlfat
- koparlýsínflóki
- natríumjoðið
- natríumjoðat
- kalíumjoðið
- kalíumjoðat
- sinkasetat
- sinkklóríð
- sinksítrat
- sinkglúkonat

sinklaktat
sinkoxíð
sinkkarbónat
sinksúlfat
mangankarbónat
mangankloríð
mangansítrat
manganglúkonat
manganglýserófosfat
mangansúlfat
natríumbíkarbónat
natríumkarbónat
natríumklóríð
natríumsítrat
natríumglúkonat
natríumlaktat
natríumhýdroxíð
natríumsölt af ortófosfórsýru

kalíumbíkarbónat
kalíumkarbónat
kalíumklóríð
kalíumsítrat
kalíumglúkonat
kalíumglýserófosfat
kalíumlaktat
kalíumhýdroxíð
kalsíumsölt af ortófosfórsýru
natríumselenat
natríumvetnisselenít
natríumselenít
króm(III)klóríð
króm(III)súlfat
ammoníummólýbdat (mólýbden (VI))
natríummólýbdat (mólýbden (VI))
kalíumflúoríð
natríumflúoríð

GJALDSKRÁ

Siglingastofnunar Íslands.

I. KAFLI

Gjöld skv. 28. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003.

1. gr.

Gjöld fyrir skoðanir Siglingastofnunar á skipum og búnaði þeirra.

Fyrir skoðanir á skipi og búnaði þess sem Siglingastofnun framkvæmir skal eigandi skips greiða samkvæmt útseldum taxta skoðunarmanns Siglingastofnunar kr. 4.500 á klst. vegna undirbúnings skoðunar, skoðunar og frágangs skjala að skoðun lokinni. Gjald fyrir útgáfu haffærisskírteinis skal vera kr. 2.000. Jafnframt skal eigandi skips greiða fargjöld skoðunarmanns Siglingastofnunar, dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins og útselda vinnu á ferðatíma skoðunarmanns. Ef fleiri en eitt skip eru skoðuð í hverri ferð skoðunarmanns skiptist sameiginlegur kostnaður hlutfallslega.

Fyrir skoðun á notuðum skipum sem fyrirhugað er að flytja til landsins og skrá á íslenska skipaskrá fer með sama hætti og skv. 1. mgr. Fari skoðun fram erlendis er heimilt að innheimta fyrirfram hjá eiganda skips upphæð sem svarar til fargjalda og áætlaðra dagpeninga skoðunarmanna.

Siglingastofnun skal endurkrefja skipseiganda um útlagðan kostnað vegna sérfræðipjónustu sem stofnunin kaupir vegna skoðunar og eftirlits með skipum og búnaði þeirra.

Fyrir fljótandi ekjubrýr, flotbyggjur og önnur mannvirki á skipaskrá sem ekki eru háð árlegu eftirliti sem og skoðun flotkvía greiðist samkvæmt reikningi.

2. gr.

Gjöld vegna útgáfu skírteina.

Fyrir útgáfu eftirtalinna skírteina skal greiða kr. 5.000, en fyrir framlengingu eða áritun þeirra greiðist kr. 3.000, en fyrir skoðanir á skipi og búnaði þess sem Siglingastofnun framkvæmir í tengslum við útgáfu skírteina greiðist skv. 1. mgr. 1. gr.:

Skírteini skv. rg. 122/2004:

Öryggisskírteini fyrir fiskiskip
Undanþáguskírteini fyrir fiskiskip
Önnur skírteini

Skírteini skv. rg. 666/2001:

Öryggisskírteini fyrir farþegaskip
Önnur skírteini

Skírteini skv. rg. 743/2001:

Öryggisskírteini fyrir farþegaskip í millilandasiglingum
Undanþáguskírteini fyrir farþegaskip í millilandasiglingum
Önnur skírteini

Skírteini skv. alþjóðasamningum um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS):

Öryggisskírteini farþegaskips
Öryggisskírteini flutningaskips (smíði og búnaður, öryggisbúnaður, fjarskiptabúnaður)
Undanþáguskírteini
ISM DOC skírteini
ISM SMC skírteini
Öryggisskírteini fyrir flutningaskip
Undanþáguskírteini
Önnur skírteini

Önnur skírteini:

Alþjóðahleðslumerkjaskírteini
Undanþáguskírteini vegna hleðslumerkja
Alþjóðlegt olfúmengunarvarnarskírteini
FESI skírteini
SOPEP samþykkt öryggisáætlun
SOPEP samþykki á endurgerðri öryggisáætlun

3. gr.

Nýsmíðagjald.

Vegna skipa sem eru í smíðum skal greiða nýsmíðagjald. Fyrir yfirferð og samþykkt smíðalýsinga og teikninga, skipamælingar, yfirferð stöðugleikagagna og hleðslu- og stöðugleikaprófun, eftirlit með smíði skipsins, skoðun á skipi og búnaði þess og skráningu skips skal greiða nýsmíðagjald. Gjaldið skal miðast við framlagða vinnu starfsmanna Siglingastofnunar Íslands samkvæmt útseldum taxta stofnunarinnar. Jafnframt skal greiða ferðakostnað og dagpeninga starfsmanna Siglingastofnunar Íslands vegna ferðalaga vegna nýsmíðinnar. Auk nýsmíðagjalds skal greiða fyrir skírteini og önnur skipsskjöl í samræmi við önnur ákvæði reglugerðar þessarar.

Gjaldið er innheimt að loknum hverjum verkþætti skv. framangreindri upptalningu.

Fari nýsmíði fram erlendis er heimilt að innheimta fyrirfram hjá eiganda skips upphæð sem svarar til fargjalda og áætlaðra dagpeninga skoðunarmanna.

Lokagreiðsla fer fram við afhendingu skírteina skipsins og skipsskjala. Verkkaupi skipasmíðar og eigandi skips að smíði lokinni eru sameiginlega ábyrgir fyrir greiðslu nýsmíðagjalds.

4. gr.

Eftirlit með viðgerðum.

Fyrir eftirlit með viðgerðum skal greiða skv. reikningi Siglingastofnunar Íslands.

Fari viðgerð fram erlendis er heimilt að innheimta fyrirfram hjá eiganda skips upphæð sem svarar til fargjalda og áætlaðra dagpeninga skoðunarmanna.

5. gr.

Hleðslumerki.

Fyrir hleðslumerkjáútreikninga og útgáfu skírteina ásamt hleðslumerkjaskoðun, sem ekki fellur undir nýsmíði, skal greiða:

	kr.
Skip til og með 500 bt. (brúttótonn)	13.400
Skip 501 bt. til og með 1.000 bt.	17.700
Skip 1.001 bt. til og með 2.000 bt.	22.200
Skip 2.001 bt. til og með 5.000 bt.	26.700

Hleðslumerkjáútreikningar skipa stærri en 5.000 bt. greiðast eftir reikningi Siglingastofnunar Íslands.

II. KAFLI

Gjöld skv. 20. gr. laga um skráningu skipa, nr. 115/1985.

6. gr.

Skráning skipa og útgáfa skipsskjala.

Fyrir skráningu skips og útgáfu skipsskjala skal greiða:

1. Íslenskt mælibréf og skráningarskírteini fyrir skip allt að 15 m að mestu lengd	kr. 6.100
2. Þjóðernisskírteini	10.100
3. Mælibréf	6.100
4. Staðfest afrit af mælibréfi, skírteini	1.200
5. Einkaleyfi á skipsnafni	34.600
6. Afskráning skips	2.000
7. Vottorð um útstrikun skipa af aðalskipaskrá	2.000

Við eigendaskipti og umskráningu skips skulu öll áfallin ógreidd gjöld skv. gjaldskrá þessari greidd að fullu.

Heimilt er að taka hálf gjald fyrir endurútgáfu íslensks mælibréfs og skráningarskírteinis fyrir skip allt að 15 m að mestu lengd ef um eina breytingu er að ræða er varðar mælinguna og útreikninga er ekki þörf.

III. KAFLI

Gjöld skv. 9. gr. laga um skipamælingar, nr. 146/2002.

7. gr.

Mæling skipa.

Fyrir endurmælingu skips og útgáfu mælibréfs eða yfirlýsingu skal greiða:

Samkvæmt Oslóarsamþykkt:	kr.
Fyrir opna báta	10.800
Þilfarsskip allt að 25 brl.	17.600

	kr.
Þilfarsskip 25 brl. til og með 100 brl.	24.500
Þilfarsskip 101 brl. til og með 250 brl.	39.000
Þilfarsskip 251 brl. til og með 500 brl.	59.600
Þilfarsskip 501 brl. til og með 1.600 brl.	84.700
Þilfarsskip 1.601 brl. til og með 5.000 brl.	112.200
Þilfarsskip 5.001 brl. og stærri greiðist eftir reikningi Siglingastofnunar Íslands.	

Samkvæmt íslenskum mælingarreglum og Lundúnasamþykkt frá 1969:

Flokkur	kr.
I. Fyrir skip allt að 15 m mestu lengd	10.800
II. A Skip 15,01 m mesta lengd – 24,00 m skráningarlengd. Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning). Vinna eftir mælingum og teikningum, útgáfa skírteinis	50.400
II. B Eftirlitsmæling um borð. Vinna við útreikning eftir línu- eða bandateikningum og öðrum teikningum	35.300
III. A Skip 24,01 m – 45,00 m skráningarlengd. Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning). Vinna eftir mælingum og teikningum, útgáfa mælibréfs	91.700
III. B Eftirlitsmæling um borð. Vinna við útreikning eftir línuteikningu eða bandateikningu og öðrum stálteikningum og útgáfa mælibréfs	61.200
IV. A Skip 45,01 m – 60,0 m skráningarlengd. Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning). Vinna eftir mælingum og teikningum og útgáfa mælibréfs	127.800
IV. B Eftirlitsmæling um borð. Vinna við útreikning eftir línu- eða bandateikningu og öðrum stálteikningum og útgáfa mælibréfs	91.700
V. Skip 60,01 m skráningarlengd og lengri. Greiðsla samkvæmt reikningi.	

Fyrir endurskoðun á mæliskýrslum gerðum af öðrum aðila en Siglingastofnun Íslands samkvæmt Lundúnasamþykkt um mælingu skipa frá 1969 greiðist:

	kr.
1. Fyrir skip til og með 45 m skráningarlengd	21.100
2. Fyrir skip yfir 45 m skráningarlengd	35.000

Að auki skal greiða kostnað á ferðalögum innanlands og erlendis vegna mælinga skv. reikningi Siglingastofnunar Íslands.

IV. KAFLI

Gjöld skv. 14. gr. laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001.

8. gr.

Skírteini vegna farþegaskipa og flutningaskipa.

	kr.
1. Útgáfa alþjóðlegs atvinnuskírteinis (STCW) til starfa á farþega- skipum og flutningaskipum	8.200
- endurnýjun	4.100
2. Útgáfa áritunar vegna viðurkenningar á erlendu alþjóðlegu atvinnuskírteini (STCW) á farþegaskipum og flutningaskipum	8.200
- endurnýjun	4.100
3. Undanþága til starfa á farþegaskipum og flutningaskipum til allt að 6 mánaða	5.000
4. Útgáfa öryggismönnunarskírteinis fyrir farþegaskip og flutningaskip	10.400

V. KAFLI

Gjöld skv. 6. gr. laga um köfun, nr. 31/1996.

9. gr.

Gjöld fyrir skráningu og skoðun köfunarbúnaðar.

Eigandi köfunarbúnaðar, sem ætlaður er til að nota við köfun í atvinnuskyni, greiðir eftirtalin gjöld fyrir skráningu og skoðun hans:

	kr.
1. Grunnjald skráðs köfunarbúnaðar (Skráningarskyldur köfunarbúnaður er lunga, heilgríma, hjálmur og loftþjappa).	7.300
2. Fyrir greiningu lofts (þrjú rör)	4.700
3. Fyrir Dragerrör til loftgreiningar	1.600

10. gr.

Gjöld vegna próftöku til köfunarréttinda.

Vegna próftöku til köfunarréttinda greiðast eftirtalin gjöld:

	kr.
1. Fyrir próf til A-réttinda	25.100
2. Fyrir próf til B-réttinda	25.100
3. Fyrir próf til C-réttinda (froskköfun)	12.600
4. Fyrir önnur próf	8.200
5. Fyrir endurtökupróf	8.200

Próftaki skal greiða kostnað vegna próftöku eða hluta hennar sem fram fer utan stofnunarinnar og lækka próftökugjöld skv. 1. mgr. til samræmis við þann kostnað.

11. gr.

Gjöld vegna atvinnukafaraskírteina.

Vegna atvinnuskírteina kafara greiðast eftirtalin gjöld:

	kr.
1. Fyrir útgáfu atvinnukafaraskírteinis	8.200
2. Fyrir endurnýjun atvinnukafaraskírteinis	4.100

12. gr.

Gjöld fyrir annað eftirlit og þjónustu.

Fyrir annað eftirlit og þjónustu, er köfunarmál varða, skal greiða þóknun samkvæmt reikningi.

VI. KAFLI

Gjöld skv. 7. gr. laga um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987.

13. gr.

Frestur.

Fyrir veittan frest til þess að gangast undir öryggisfræðslunámskeið hjá Slysavarnaskóla sjómanna eða öðrum viðurkenndum aðila skal greiða kr. 2.100.

VII. KAFLI

Gjöld skv. 2. mgr. 17. gr. laga um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003.

14. gr.

Gjöld fyrir skírteini leiðsögumanns og hafnsögumanns.

Vegna skírteina leiðsögumanns og hafnsögumanns greiðast eftirtalin gjöld:

	kr.
1. Leiðsögumannsskírteini	8.200
2. Hafnsögumannsskírteini	8.200
3. Endurnýjun leiðsögu- og hafnsögumannsskírteina	4.100

VIII. KAFLI

Gjöld skv. 1. mgr. 9. gr. laga um siglingavernd, nr. 50/2004.

15. gr.

	kr.
1. Staðfesting áhættumats	25.000
2. Staðfesting verndaráætlunar	35.000
3. Staðfesting á skipan verndarfulltrúa	10.000
4. Námskeið fyrir verndarfulltrúa	50.000
5. Námskeið í hafnavernd 1	15.000

Fyrir úttektir og árlegt eftirlit Siglingastofnunar vegna skipa- og hafnaverndar skal viðkomandi útgerðarmaður skips og höfn greiða samkvæmt útseldum taxa starfsmanns Siglingastofnunar. Jafnframt skal greiða fargjöld starfsmanns Siglingastofnunar, dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins og útselda vinnu á ferðatíma.

IX. KAFLI

Gjöld skv. lögum um Siglingastofnun Íslands, 6/1996, með síðari breytingum.

16. gr.

Eftirtalin gjöld skulu innheimt af starfsleyfum, atvinnuskírteinum og undanþágum. Þau skulu ekki gefin út nema greidd hafi verið gjöld skv. þessari grein:

1. Starfsleyfi	kr.
Skoðunarstofur skipa og búnaðar (A-faggilding)	200.000
- árlegt eftirlitsgjald	50.000
Skoðunarstofur skipa og búnaðar (B-faggilding)	20.000
- árlegt eftirlitsgjald	10.000
Önnur starfsleyfi	10.000
Eftirlit með þjónustustöðvum gúmmíbjörgunarbáta - allt að 500 bátar	85.100
- gjald fyrir hverja 200 báta þar fram yfir	17.000
Farþegaleyfi skipa (haffærisskírteini innifalið)*	10.000
Farþegaleyfi skipa (haffærisskírteini ekki innifalið)*	8.000
Viðurkenningarskírteini skipsbúnaðar*	12.600
- endurnýjun	6.000
2. Atvinnuskírteini	8.200
3. Undanþága til starfa á fiskiskipum og öðrum skipum til allt að 6 mánaða	5.000

* Fyrir skoðanir á skipi og búnaði þess og annan undirbúning sem Siglingastofnun framkvæmir í tengslum við útgáfu starfsleyfa greiðist skv. 1. mgr. 1. gr. gjaldskrár þessarar.

X. KAFLI

Önnur gjöld o.fl.

17. gr.

Önnur þjónusta.

Fyrir aðra þjónustu Siglingastofnunar Íslands skal greitt skv. reikningi stofnunarinnar.

18. gr.

Þjónusta utan skrifstofutíma.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við að störf hinna fastráðnu starfsmanna Siglingastofnunar Íslands séu unnin á venjulegum skrifstofutíma.

Sé óskað eftir þjónustu utan þess tíma skal að auki greiða fyrir vinnu starfsmanns samkvæmt útseldum taxa stofnunarinnar.

19. gr.

Innheimta.

Gjöld skulu innheimt af Siglingastofnun Íslands eftir reikningum sem hún gefur út.

20. gr.

Gildistaka o.fl.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 28. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003, 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 115/1985 með síðari breytingum, 9. gr. laga um skipa-mælingar nr. 146/2002, 14. gr. laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa nr. 76/2001, með síðari breytingum, 6. gr. laga um köfun nr. 31/1996, 7. gr. laga um lögskráningu sjómanna nr. 43/1987, með síðari breytingum, 2. mgr. 17. gr. laga um vaktstöð siglinga nr. 41/2003, lögum um Siglingastofnun Íslands nr. 6/1996, með síðari breytingum, og 1. mgr. 9. gr. laga um siglingavernd, nr. 50/2004, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Ákvæði 3. tölul. 16. gr. tekur gildi 1. september 2004.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá Siglingastofnunar Íslands, nr. 1001/2003.

Samgönguráðuneytinu, 15. júlí 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

GJALDSKRÁ**fyrir hafnarsjóð Fjarðabyggðar.****Almenn ákvæði.**

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir hafnarsjóð Fjarðabyggðar er sett skv. heimild í 17. grein hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

Gjaldskráin er við það miðuð að hafnarsjóður Fjarðabyggðar geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri hafna sbr. 3. gr. 5. tölulíð hafnalaga.

Um gjaldtöku tengda stærð skipa.

2. gr.

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miðað við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælingarbréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Skipagjöld.

4. gr.

Lestargjöld:

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 7,40 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

Bryggjugjöld:

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða samkvæmt eftirfarandi:

Skip við bryggju kr. 1,80 á mælieiningu fyrir hverja byrjaða 12 tíma, sem skip liggur bundið, hámark 26 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 48,40 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 5.286 á mánuði. Batar minni en 20 BT greiði þó aldrei lægra en kr. 3.459 á mánuði.

Vörugjöld.

5. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

6. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

7. gr.

Af vörum, sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald.

Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fullt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

8. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

9. gr.

Vörugjald reiknast eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóri eða afgreiðslumaður skips skal láta höfninni í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðuð skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

10. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá:

1. fl.: Gjald kr. 138,8 fyrir hvert tonn:
Kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, bensín, brennsluolíur, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 267,20 fyrir hvert tonn:
Lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald kr. 288,50 fyrir hvert tonn:
Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, veiðarfæri, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda. Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.
4. fl.: Gjald 1,28%. Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.
Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.
Seljanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um seldan afla um leið og sala hefur átt sér stað, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað.
Seljandi ber skil á greiðslu aflagjalds.
Hámarksgjald samkvæmt lið þessum er 3.000 kr. fyrir hvert tonn.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 109.

Leiga á gámasvæði – geymsla veiðarfæra.

11. gr.

Leiga fyrir geymslusvæði skal vera eftirfarandi (gáma og báta):

Geymsla á malarsvæði pr. m² kr. 7,80.

Geymsla á malbikuðu svæði pr. m² kr. 16,75.

Geymsla á veiðarfærum á hafnarköntum. Frítt fyrstu vikuna síðan 2.000 kr. pr. sólarhring.

Sorphirða.

12. gr.

Gjald fyrir sorphirðu er kr. 3.000 fyrir hverja afgreiðslu.

Hafnsögugjöld.

13. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

Fyrir leiðsögu til hafnarinnar kr. 2.000 fyrir hvert skip, auk kr. 3,20 fyrir hvert brúttótonn. Fyrir leiðsögu frá höfninni greiðist sama gjald.

Festargjöld.

14. gr.

Festargjöld fyrir hverja afgreiðslu kr. 5.000. Séu fleiri en einn maður notaður við afgreiðslu er gjald fyrir hvern aukamann kr. 5.000.

Vatnssala.

	15. gr.	
<i>Vatnsgjöld:</i>	Vatn afgreitt frá bryggju:	
	Kalt vatn	kr./m ³ 115
	Lágmarksgjald miðast við 15 tonn.	
Afgreiðsla utan dagvinnutíma, pr. klst. kr. 3.200 til viðbótar gjaldskrá.		

Vigtargjald.

	16. gr.
Almenn vigtun kr. 75,70 á tonn.	
Lægsta gjald fyrir einstaka vigtun kr. 437.	
Gjald vegna yfirvinnu við vigtun 2.210 kr. pr. klst.	

Rafmagnssala.

	17. gr.
Gámar	8,90 kr./kwst.
Til skipa	6,39 kr./kwst.
Tengigjald:	Fari tenging fram utan dagvinnutíma greiðist tengigjald kr. 3.200.

Móttaka skipa sem falla undir ISPS-kóða.

	18. gr.
Öryggisgjald fyrir hverja skipakomu	13.000 kr.
Öryggisgæsla pr. öryggisvörð í dagvinnu	1.700 kr.
Öryggisgjald pr. öryggisvörð í yfirvinnu	3.100 kr.

Um innheimtu og greiðslu gjalda.

19. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra gjalda skv. gjaldskrá þessari og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Heimilt er að leita samþykkis skrifstofunnar til notkunar greiðslumiðlunar við uppgjör skulda.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er áskilið að reikna dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

20. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarsjóðs Fjarðabyggðar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt við komu til hafnar að gefa hafnarstjóra upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 326/2004 um hafnamál og afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskrárteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema að hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

21. gr.

Vörugjald greiðist af öllum vörum sem eru affermdar, afhentar eða fluttar, eða á annan hátt komið sjóleiðis eða landleiðina inn fyrir mörk hafnarinnar. Vörugjaldið reiknast skipi til

skuldar áður en skip hefur siglingu, nema um annað sé sérstaklega samið. Vörugjald er á ábyrgð farmflytjanda og er afhending vöru án greiðslu vörugjalds á hans ábyrgð.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

22. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi.

Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða váttryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðkröfum sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Hafnarsjóði Fjarðabyggðar er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

23. gr.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts. Hafnarsjóði Fjarðabyggðar er skylt að innheimta virðisaukaskatt af öllum gjöldum í gjaldskrá þessari, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1998 um virðisaukaskatt.

Gildistaka.

24. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir hafnarsjóð Fjarðabyggðar er samþykkt af hafnarnefnd þann 14. júlí 2004, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur út gildi gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Fjarðabyggðar frá 3. júlí 2003.

Fjarðabyggð, 14. júlí 2004.

Guðmundur Bjarnason bærarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Sviðholtsvör 4, Álftanesi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarráð Álftaness þann 8. júlí 2004 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Sviðholtsvör 4, Álftanesi, frá gildandi skipulagi. Breytingin felst í því að byggingarreitur á lóðinni stækkar um 2,0 m í átt að Sviðholtsvör 8.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Álftanesi, 15. júlí 2004.

Gunnar Valur Gíslason bærarstjóri.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Grundarfjarðarbæ.

I. KAFLI

Um reglu, velsæmi og almennt öryggi á almannafæri.

Regla og næði.

1. gr.

Með hugtakinu almannafæri er í samþykkt þessari átt við vegi, svæði og staði sem almenningur fer um eða ætlaðir eru til almenningsnota, utan húss eða innan, svo sem verslanir, samkomustaðir og aðrir þjónustustaðir.

2. gr.

Bannað er að aðhafast nokkuð það, sem veldur ónæði eða raskar nætturró manna.

3. gr.

Á almannafæri má eigi viðhafa háttsemi, sem truflar umferð eða veldur vegfarendum öðrum óþægindum. Enginn má sýna öðrum áreitni á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmlega háttsemi.

4. gr.

Lögreglustjóri getur bannað notkun hátalara, hljómflutningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar, á eða við almannafæri, ef ástæða er til að ætla að hún valdi ónæði eða truflun.

5. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, við biðstöðvar almenningsvagna, miðasölur, skemmtistaði, verslanir og aðra afgreiðslustaði, skal fólk raða sér þannig að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrst afgreiðslu.

6. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

Góðir umgengnishættir og hreinlæti á almannafæri.

7. gr.

Öllum ber að gæta þess að ganga vel um á almannafæri og skemma þar ekki hluti eða færa þá úr stað, sem ætlaðir eru til almenningsnota eða þrýði. Þetta á einnig við þann hluta af húsum og öðrum mannvirkjum, sem liggja að almannafæri.

Á slík mannvirki og hluti má ekki mála eða teikna og ekki festa auglýsingar, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns.

Óheimilt er að reisa auglýsingaskilti á almannafæri nema með leyfi bæjaryfirvalda. Uppfest auglýsingaskilti skulu hlutaðeigandi taka niður, þegar þau hafa fullnægt tilgangi sínum og hreinsa vel, þar sem þau voru höfð. Staðsetning og útlit skilta má ekki fara í bága við umferðaröryggi og fullt tillit skal tekið til nábylis eða grenndarréttar.

8. gr.

Enginn má án leyfis húsráðanda láta fyrir berast á eða í húsi hans, á lóðum eða á girðingum, sama á við um þessa staði og aðra sambærilega ef lögregla bannar það, enda verði það talið geta valdið óþægindum eða hættu.

9. gr.

Í samræmi við ákvæði reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002, er bannað að skilja eftir, flytja eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir einnig um smærri sem stærri hluti svo sem kerrur, bíla, bílhhluta, báta, skips-skrokka o.fl. Heimilt er að fjarlægja framangreinda hluti, þ.m.t. númerslausar bifreiðar og bíflök að undangenginni aðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum þar sem tiltekinn er ákveðinn frestur eiganda til úrbóta. Frestur þessi skal að jafnaði vera 7 dagar en þó skemmri ef hætta, mengun o.s.frv. stafar af.

Bíflökum og öðrum verðlausum hlutum er heimilt að farga strax að fresti loknum. Númerslausar bifreiðar sem þannig eru teknar, skulu vera í vörslu Grundarfjarðarbæjar í 30 daga að fresti loknum, en þeim síðan fargað hafi eigandi ekki fyrir þann tíma leyst þær út gegn áföllnum kostnaði, svo sem dráttar- og geymslugjaldi. Liggi fyrir skrásetningarnúmer bifreiðar, vélarnúmer eða annað sambærilegt, þannig að kunnugt sé um eiganda hennar skal honum tilkynnt um förgunina með tryggilegum hætti með 15 daga fyrirvara. Þá skal viðkomandi sýslumanni, eftir atvikum bifreiðaskrá, og veðhöfum, sé um þá kunnugt, gert viðvart um förgunina með 15 daga fyrirvara.

Áfallinn kostnað vegna töku og geymslu númerslausra bifreiða er heimilt að innheimta hjá eigendum bifreiðanna skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Þá skal og heimilt að selja nýtilega hluti úr bifreiðum, sem fara skal með samkvæmt framansögðu, til þess að mæta kostnaði vegna töku og geymslu þeirra.

10. gr.

Þess skal gætt að troða ekki ræktaða bletti, grasreiti, blómabeð og limgerði á almannafæri og bannað er að slíta þar upp gróður.

Bæjarstjórn getur sett umgengnisreglur um skemmtigarða, kirkjugarða, leikvelli, lystigarða og önnur opinber svæði, enda séu reglurnar festar upp við innganginn eða á öðrum áberandi stað.

11. gr.

Óheimilt er að fleygja rusli eða öðru þess háttar á almannafæri, nema í þar til gerð ílát. Enginn má fleygja rusli eða öðru þess háttar á lóð annars manns. Hver sem það gerir skal flytja óhreinindin tafarlaust á brott á sinn kostnað.

12. gr.

Óheimilt er að áreita dýr og fugla eða raska friði þeirra, svo hættu eða ónæði geti valdið. Ákvæði þetta á ekki við um meindýr, varg o.fl. er sérákvæði gilda um. Að öðru leyti vísast til ákvæða laga um verndun dýra, nú lög nr. 15/1994, og laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nú lög nr. 64/1994.

13. gr.

Um búfjárhald og lausagöngu búfjár fer eftir samþykkt sveitarfélagsins um búfjárhald og um búfjárhald í þéttbýli fer eftir ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002. Um hunda- og kattahald fer eftir samþykktum um hunda- og kattahald í stjórnarsýsluumdæmi Grundarfjarðarbæjar.

Almennar reglur um öryggi á almannafæri, skyldur húsráðenda o.fl.

14. gr.

Meðferð vatns, s.s. við þrif, er óheimil nema í frostlausu veðri, ef þrifin valda rennsli á gangstétt eða götu eða geta valdið truflun á umferð á annan hátt. Haga skal þrifunum þannig að sem minnst ónæði stafi af þeim fyrir vegfarendur.

Í götubrunna og göturæsi má ekki hella mengandi efnum s.s. spilliefnum o.s.frv.

Húseiganda eða umráðamanni húss er skylt að fjarlægja af húsi sínu snjó og grýlukerti, sem fallið geta niður og valdið hættu fyrir vegfarendur. Einnig skal hann halda gangstígum, stéttum og tröppum á lóð sinni hreinum af snjó og klaka svo sem kostur er.

Húseigendum er skylt að hlíta fyrir mælum bæjaryfirvalda um frágang girðinga o.þ.h. sem liggja að almannafæri. Einnig skal húsráðendum skylt að snyrta allan gróður, þ.m.t. trjágróður, sem liggur að almannafæri þannig að umferð vegfarenda sé óhindruð. Gróður, s.s. tré, runnar o.s.frv., skulu ekki skaga út í eða út yfir gangstéttar, gangstíga, vegi eða götur, þó er heimilt að þau skagi út yfir, ef hæð þeirra er a.m.k. 2,8 m yfir gangstétt eða gangstíg, en 4,0 m yfir götu.

15. gr.

Húseiganda eða umráðamanni húseignar er skylt að sjá til þess að hreinsað sé upp allt rusl sem frá þeim berst og annað er veldur óprifnaði og óprýði við hús þeirra, lóðir, aðliggjandi götur eða torg.

16. gr.

Tilkynna skal lögreglustjóra um fyrirhugaðar hópgöngur, útifundi og því um líkt í því skyni, að hann geti gert viðeigandi ráðstafanir varðandi umferðarstjórn.

17. gr.

Á almannafæri má ekki ganga með logandi blys eða kveikja á bálköstum, nema með leyfi lögreglustjóra og slökkviliðsstjóra. Einnig skal leita leyfis lögreglustjóra og slökkviliðsstjóra til að halda flugeldasýningar, nema ef sérstaklega stendur á s.s. um áramót eða á þrettándanum. Eigi má bera hlaðnar byssur í þéttbýli á almannafæri. Lögreglustjóri getur veitt undanþágu frá því, t.d. vegna eyðingar vargfugls og villtra dýra, svo og á æfingar- svæðum sérstaklega merktum og samþykktum af lögreglustjóra, sbr. reglugerð nr. 787/1998 um skotvopn, skotfæri o.fl.

18. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að banna öllum óviðkomandi, sem ekki eiga brýnt erindi, umferð út í skip, sem liggja í höfninni. Einnig er slökkviliðsstjóra heimilt að takmarka samgang við skip sem flytja eldfim efni, svo sem olúskip.

Ef ís á vötnum eða tjörnum er ótryggur, getur lögreglustjóri bannað að farið sé út á ísinn og látið setja upp viðvörunarmerki.

19. gr.

Atvinnustarfsemi í íbúðarhverfum er óheimil. Bæjarstjórn getur þó heimilað þar minni háttar starfsemi, svo fremi að tryggt sé að slíkt leiði ekki af sér ónæði eða truflun gagnvart íbúum. Slíkt leyfi skal ekki veitt til lengri tíma í senn en fjögurra ára og er bundið við nafn leyfishafa. Brjótí leyfishafi gegn ákvæðum þessarar greinar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi getur bæjarstjórn afturkallað leyfið með þriggja mánaða fyrirvara.

Atvinnurekstri í húsnaði, sem liggur að íbúðarbyggð, skal jafnan haga þannig, að ekki hljótist af ónæði eða truflun fyrir þá sem næstir búa. Gildir þetta jafnt um starfsemina sjálfa, sem og umferð sem af henni hlýst.

Bæjarstjórn getur sett sérstakar reglur um atvinnustarfsemi í íbúðarhverfum.

20. gr.

Ekki má gera jarðrask, s.s. skurði í gangstéttir, götur eða torg í bæjarfélaginu né raska þeim á annan hátt, nema með leyfi bæjaryfirvalda. Að verki loknu skal færa það í samt lag,

sem raskað var. Þegar gerður er skurður í gangstétt, skal sá, sem verkið vinnur, sjá um að tryggja öryggi gangandi vegfarenda og annarra, s.s. með því að sjá fyrir göngubrautum og tryggja að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann, s.s. með ljósum, glitmerkjum o.þ.h., þegar dimmt er. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi verði. Lögreglustjóri gerir þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti, meðan á verki stendur, eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Einnig getur hann ákveðið að skurðir í götur séu byggðir og uppgröftur fjarlægður, þannig að umferð sé óhindruð um göturnar á þeim tíma, sem ekki er unnið, svo sem að næturlagi og um helgar.

21. gr.

Hvers kyns taka jarðefna og tilfærsla jarðefna eða annað jarðrask er almennt óheimil innan bæjarfélagsins þ.m.t. í fjörum, nema með samþykki bæjarstjórnar.

22. gr.

Losun hvers kyns úrgangs, sorps, jarðefna og annars er bönnuð innan bæjarfélagsins nema á stöðum sem ætlaðir eru til þess og bæjarstjórn vísar á til þeirra nota.

23. gr.

Þegar hús er byggt, rifið, endurbyggt eða flutt, er eiganda eða verktaka skylt að leita eftir fyrirmælum lögreglustjóra, til að forðast farartálma, hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur. Girðingar, sem hafa verið reistar vegna mannvirkjagerðar, skal fjarlægja, þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Þegar hús eða annað mannvirki brennur, það er fjarlægt eða rifið burt, án þess að annað sé byggt í staðinn, er eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi af því hætta, óþrifnaður eða óþrýði.

Áður en hús er rifið skal veðhöfum tilkynnt það með a.m.k. viku fyrirvara.

24. gr.

Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús eða breyta því, burðarkerfi þess, formi, svipmóti eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfis, nýtingu lóða, grundvöll gjaldtöku og skatta o.s.frv., nema að fengnu leyfi umhverfisnefndar, sbr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Framangreint bann tekur til hvers konar mannvirkja og hluta sem nýttir eru sem mannvirki eða hús. Bann þetta tekur því til lausra húsa, skúra, gáma o.s.frv., þegar notkun þeirra er augsnílega ekki í samræmi við eðlilega notkun og tilgang þeirra eða þeirra svæða, þar sem þeim hefur verið komið fyrir.

Heimilt er að láta farga slíkum hlutum eða fjarlægja þá, á kostnað eigenda og/eða lóðarhafa, ef hann sinnir ekki fyrirmælum byggingayfirvalda um að fjarlægja þau mannvirki eða hluti, sem um ræðir í þessari grein.

II. KAFLI

Um ökutæki, umferð o.fl.

25. gr.

Enga atvinnu sem tálmar umferð má reka á almannfæri.

26. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það sem hindrar almenna umferð eða veldur hættu. Á götum sveitarfélagsins má ekki hindra umferð með skemmtunum eða leikjum.

Vörubifreiðum, sem eru meira en 5 tonn að leyfðri heildarþyngd og hópbifreiðum sem eru meira en 5 tonn að leyfðri heildarþyngd, má ekki leggja á götum, einkalóðum í íbúðahúsahverfum eða almennum bifreiðastæðum í þéttbýlum, nema þau séu til þess ætluð. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar, án tillits til þunga þeirra. Bæjarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði, sem undanþágan nær til. Undanþágan getur auk staðsetningar tekið til ákveðinna tíma-bíla.

Lögreglustjóri getur bannað stöður hjólhýsa, húsbíla, báta, flutningavagna og þess háttar tækja á götum og almenningsbifreiðastæðum, ef þau þykja valda íbúum ónæði.

27. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð stórvirkra vinnuvéla, vörubifreiða eða annarra bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérstakra óþæginda fyrir aðra umferð.

28. gr.

Umferð torfærutækja s.s. vélsleða, snjóbíla o.þ.h., innan stjórnsýsluumdæmis Grundarfjarðarbæjar, skal háð fyrirmælum umferðarlaga.

29. gr.

Aflvélar kyrrstæðra bifreiða og vinnuvéla sem ekki eru í annarskonar notkun, er óheimilt að hafa í gangi eða skilja eftir í gangi lengur en tvær mínútur svo komast megi hjá ólofti og hávaða á almannafæri og annars staðar þar sem ætla má að slíkt valdi óþægindum.

30. gr.

Almennur hámarkshraði í þéttbýli Grundarfjarðar skal vera 35 km á klst. Utan þéttbýlis gilda almennar reglur um hámarkshraða. Á einstökum götum eða bæjarhverfum getur lögreglustjóri, að fengnum tillögum bæjarstjórnar, ákveðið annan hámarkshraða.

31. gr.

Þeir, sem flytja hvers konar farm um götur sveitarfélagsins, skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá honum, að ekki valdi óþrifnaði eða hættu. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutninginn, fermingu eða losun, er stjórnanda flutningstækisins skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

32. gr.

Afgreiðslu fyrir þjónustubifreiðar eða bifreiðasölur má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað, sem umhverfisnefnd hefur samþykkt til slíkra afnota. Umhverfisnefnd getur takmarkað leyfið við tiltekinn tíma og tiltekinn fjölda bifreiða og sett önnur þau skilyrði, sem þurfa þykir.

33. gr.

Á götum, vegum eða svæðum má ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, hjólabrettum, skautum, sleðum eða iðka leiki, skemmtanir eða íþróttir þannig að hætta eða umferðartruflun geti hlotist af. Einnig er bannað að hanga í bifreiðum, vögnum eða öðrum farartækjum sem eru á ferð eða festa við þau sleða, reiðhjól eða annað sem óþægindum eða hættu geta valdið.

Börn yngri en fimmtán ára, sem fara um á reiðhjólum, hjólabrettum, hjólaskautum, renna sér á skíðum, sleðum, skíðabrettum o.þ.h., skulu nota hlífðarhjálma og viðeigandi hlífðarbúnað.

III. KAFLI

Um götuspjöld og húsnúmer.

34. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp skilti með þeim, þar sem þurfa þykir, s.s. við gatnamót og á fasteignir.

Húseigendur skulu merkja hús sín með húsnúmeri og eftir atvikum bókstöfum, á götu-hlið eða öðrum áberandi stað, vegfarendum og þjónustuaðilum til glöggvunar. Húseigandi skal sjá um allt venjulegt viðhald á merkingum á húsi sínu.

Húseigendur í dreifbýli skulu merkja heimreiðar með nafni jarða og/eða íbúðarhúsa.

35. gr.

Óheimilt er að skemma, fjarlægja eða á annan hátt eiga við opinber skilti eða aðrar opinberar merkingar sem komið hefur verið fyrir innan stjórnsýsluumdæmis Grundarfjarðarbæjar, að viðlögðum sektum og fangelsi, allt að sex mánuðum, sbr. 113. gr. almennra hegningarlaga nr.19/1940.

Óheimilt er að skemma, fjarlægja eða á annan hátt eiga við opinberar auglýsingar sem settar hafa verið upp af hálfu bæjarfélagsins, að viðlögðum sektum eða fangelsi allt að þremur mánuðum, sbr. 2. mgr. 113. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV. KAFLI

Um verslun, veitingahús, skemmtanahald og knattborðs- og leiktækjastofur.

36. gr.

Utan sölubúða er sala á hvers kyns varningi bönnuð með þeim undanþágum sem hér greinir: Blöð, bæklinga, aðgöngumiða, happdrættismiða, merki og annað þessu skylt má selja á almannaferi.

Bæjarstjórn getur veitt leyfi til vörusölu/farandsölu á torgum og öðrum stöðum. Skal leyfi bæjarstjórnar bundið við ákveðnar vörutegundir og er heimilt að setja leyfinu þau skilyrði, sem talin eru nauðsynleg. Bæjarstjórn er heimilt að ákveða leyfisgjald, sem rennur í bæjarsjóð, með sérstakri gjaldskrá.

37. gr.

Allir almennir veitinga- og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 01.00 til 06.00 að morgni; þó er heimilt að hafa opið til kl. 04.00, aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags. Allir gestir skulu hafa farið út eigi síðar er 1/2 stundu eftir að lokað er, nema gestir á hótelum og öðrum gististöðum, sem hafa þar náttstað eftir lokunartíma. Heimilt er að selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er.

Heimilt er að reka heimsendingarþjónustu allan sólarhringinn.

38. gr.

Hver sá sem rekur veitinga- eða gististað, leikhús eða annað samkomuhús, eða heldur almenna skemmtun eða sýningu, skal sjá um að allt fari þar vel fram og að starfsemin valdi ekki nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

Hvers konar sýningar á nektardansi á næturlúbbum og einkasýningar eru óheimilar.

39. gr.

Opnunartími verslana og annarra þjónustufyrirtækja er frjáls að því marki er heimilt er að lögum sem gilda á hverjum tíma eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

Bæjarstjórn getur þó takmarkað opunar- eða þjónustutíma hjá einstökum aðilum, ef starfsemin veldur nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

40. gr.

Óheimilt er að selja börnum innan 16 ára aðgang að leiktækjum í spilasölum og er þeim óheimill aðgangur að söfnunarkössum. Miðað skal við fæðingarár.

Starfsmenn leiktækja- og spilastofa skulu ekki vera yngri en 18 ára. Leiktækja-, spila- og knattborðsstofur má reka frá kl. 12.00 – 23.30 daglega.

V. KAFLI

Um útivistartíma barna og ungmenna.

41. gr.

Um útivistartíma barna og ungmenna gilda ákvæði barnaverndarlaga nr. 80/2002.

VI. KAFLI

Um hundahald, búfjárhald o.fl.

42. gr.

Hundahald er bannað, nema með leyfi bæjarstjórnar, sbr. samþykkt um hunda í Grundarfirði nr. 379/2002.

43. gr.

Búfjárhald er bannað í þéttbýli, nema á sérstökum skipulögðum svæðum, sbr. samþykkt um búfjárhald í Eyrarsveit nr. 262/1992.

44. gr.

Alla flækingsketti, sem enginn eigandi finnst að, er lögreglu heimilt að aflífa.

VII. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði o.fl.

45. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir stjórnarsýsluumdæmi Grundarfjarðarbæjar. Hana ber að túlka með hliðsjón af gildandi lögum og reglum hverju sinni, s.s. hegningarlögum, byggingarlögum, umferðarlögum, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir o.s.frv.

46. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem honum er skylt að gera samkvæmt samþykktinni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það eða gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktinni, greiddist af hinum brotlega eða, ef hann er eigi fær um það, úr ríkissjóði.

47. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum og skulu refsímál rekin að hætti opinberra mála.

Hagnaður sá, sem hinn brotlegi kann að hafa haft af athæfi sínu og enginn einstakur maður eða lögpersóna á löglegt tilkall til, skal gerður upptækur og renna, auk sekta, í ríkissjóð. Ef kenna má yfirsjón barns skorti á hæfilegri umsjá foreldris eða þess sem gengur barninu í foreldris stað skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

48. gr.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Grundarfjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36, 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er numin úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Eyrarsveit nr. 120, 2. mars 1994, sbr. samþykkt nr. 588, 17. júlí 2001.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. júlí 2004.

Björn Bjarnason.

Kristrún Kristinsdóttir.

REGLUGERÐ

um (5.) breytingu á reglugerð nr. 244/1994 um staðfestingu starfsleyfa nokkurra heilbrigðisstétta o.fl. skv. ákvæðum EES-samningsins.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr.:

- a) Við 6. tölul. bætist á eftir orðinu „háskólastigi“ orðin „sbr. 10. gr. sem fellur undir tilskipun 89/48/EBE með síðari breytingum“.
- b) Við 1. gr. bætist nýr tölul. sem verður 7. töluliður og orðast svo:
7. heilbrigðisstétta o.fl. sem hafa lokið námi sbr. 14. gr. sem fellur undir tilskipun 92/51/EBE með síðari breytingum.
- c) 7. tölul. verður 8. tölul.
- d) Við 2. mgr. bætist eftirfarandi: Um birtingu tilskipunar 89/48/EBE, með síðari breytingum og tilskipunar 92/51/EBE, með síðari breytingum, vísast til 1. gr. reglugerðar nr. 249/1999 um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum.

2. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 2. gr.:

2. tölul. orðast svo : *EES-land*: Land sem er aðili að EES-samningnum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr.:

- a) Á eftir orðunum „EES- ríkisborgara“ komi orðin „og ríkisborgara í Sviss“.
- b) Á eftir orðunum „í öðru EES-landi“ komi orðin „eða í Sviss“.

4. gr.

3. gr. a orðast svo:

„Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gefur út samkvæmt umsókn staðfestingu almenns heimilislækningaleyfis (Evrópulækningaleyfis) til EES-ríkisborgara og ríkisborgara í Sviss. Skilyrði staðfestingar almenns heimilislækningaleyfis eru:

1. að umsækjandi hafi íslenskt lækningaleyfi sbr. 3. gr. og

2. að umsækjandi leggi fram almennt heimilislækningaleyfi frá öðru EES-landi eða frá Sviss og/eða gögn sem sýna fram á tveggja ára starfsreynslu sem uppfyllir skilyrði IV. bóls tilskipunar 93/16/EBE, samanber aðallega 31. gr. tilskipunarinnar.“

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 4. gr.:

- a) Á eftir orðunum „EES- ríkisborgara“ komi orðin „og ríkisborgara í Sviss“.
- b) Á eftir orðunum „í öðru EES-landi“ komi orðin „eða í Sviss“.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr.:

- a) Á eftir orðunum „EES-ríkisborgara“ komi orðin „og ríkisborgara í Sviss“.
- b) Á eftir orðunum „EES-landi“ komi orðin „eða í Sviss“.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr.

- a) Á eftir orðunum „EES-ríkisborgara“ komi orðin „og ríkisborgara í Sviss“.
- b) Á eftir orðunum „EES- landi“ komi orðin „eða í Sviss“.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr.:

- a) Á eftir orðunum „EES-ríkisborgara“ komi orðin „eða ríkisborgara í Sviss“.
- b) Á eftir orðunum „EES-landi“ komi orðin „eða í Sviss“.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr.:

- a) Á eftir orðunum „EES-ríkisborgara“ komi orðin „og ríkisborgara í Sviss“.
- b) Á eftir orðunum „EES- landi“ komi orðin „eða í Sviss“.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. tölul. 1. mgr. 9. gr.:

- a) Á eftir orðunum „EES-ríkisborgara“ komi orðin „og ríkisborgara í Sviss“.
- b) Á eftir orðunum „EES-landi“ komi orðin „eða í Sviss“.

11. gr.

10. gr. orðast svo:

- a) Heiti greinarinnar orðast svo:

Staðfesting leyfa nokkurra heilbrigðisstétta o.fl. sem lokið hafa a.m.k. þriggja ára námi á háskólastigi sem fellur undir tilskipun 89/48/EBE, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gefur út staðfestingu á leyfum:

1. aðstoðarlyfjafræðinga,
2. félagsráðgjafa,
3. hnykkja,
4. iðjuþjálfara,
5. matvælafræðinga,
6. meinatækna,
7. náttúrufræðinga í heilbrigðisþjónustu,
8. næringarfræðinga,

9. næringarráðgjafa,
10. geislafræðinga,
11. sálfræðinga,
12. sjúkrajálfara,
13. talmeinafræðinga,
14. tannfræðinga,
15. þroskaþjálfara eftir 1996 eða
16. sjóntækjafræðinga,
17. heilbrigðisstétta sem falla undir Norðurlandasamninginn, frá öðru EES-landi og Sviss, skv. umsókn EES-ríkisborgara eða ríkisborgara frá Sviss, enda uppfylli umsóknin skilyrði 2. mgr. þessarar greinar.

Skilyrði staðfestingar leyfis eru:

1. að umsækjandi leggi fram prófskírteini/vottorð gefið út af lögbæru yfirvaldi í EES-landi eða í Sviss sem uppfyllir skilyrði Norðurlandasamningsins eða tilskipun 89/48/EBE með síðari breytingum eða
2. að umsækjandi búi yfir þriggja ára starfsreynslu sem vottfest er af EES-landi eða Sviss, sem tók gilt prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi frá þriðja landi.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr.:

- a) Á eftir orðunum „EES-ríkisborgari“ komi orðin „og ríkisborgari í Sviss“.
- b) Á eftir orðunum „í EES-landi“ komi orðin „eða í Sviss“.

13. gr.

2. mgr. 13. gr. orðast svo:

„Umsækjandinn getur valið milli aðlögunartíma/starfs til reynslu og hæfnisprófs sé ekki annað ákveðið.“

14. gr.

Á eftir 13. gr. koma fjórar nýjar greinar sem verða 14., 15., 16. og 17. gr. sem orðast svo og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því:

„Staðfesting leyfa nokkurra heilbrigðisstétta o.fl. sem hafa lokið námi sem fellur undir tilskipun 92/51/EBE, með síðari breytingum.

14. gr.

Heilbrigðis og tryggingamálaráðherra gefur út staðfestingu á leyfum:

1. fóttaaðgerðarfræðinga,
2. lyfjatækna,
3. læknaritara,
4. matarfræðinga á heilbrigðisstofnun,
5. matartækna,
6. sjóntækjafræðinga,
7. sjúkraflutningamanna,
8. sjúkraliða,
9. sjúkranuddara,
10. tanntækna,

11. þroskaþjálfar fyrir 1996 eða,
12. heilbrigðisstétta sem falla undir Norðurlandasamninginn, frá öðru EES-landi og Sviss, skv. umsókn EES-ríkisborgara eða ríkisborgara frá Sviss, enda uppfylli umsóknin skilyrði 2. mgr. þessarar greinar.

Skilyrði staðfestingar leyfis eru:

1. að umsækjandi leggi fram prófskírteini/vottorð gefið út af lögbæru yfirvaldi í EES-landi eða í Sviss sem uppfyllir skilyrði Norðurlandasamningsins eða tilskipun 92/51/EBE með síðari breytingum eða
2. að umsækjandi búi yfir tveggja ára starfsreynslu sem vottfest er af EES-landi eða Sviss, sem tók gilt prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi frá þriðja landi.

15. gr.

EES-ríkisborgari eða ríkisborgari frá Sviss sem hefur starfað í starfsgrein sem nefnd er í 14. gr. í a.m.k. tvö ár á síðustu 10 árum í EES-landi eða í Sviss sem hefur ekki sett reglur um starfsgreinina, á samkvæmt umsókn rétt á starfsleyfi á Íslandi enda uppfylli menntunin a.ö.l. skilyrði tilskipunar 92/51/EBE, með síðari breytingum eða tilskipun 89/48/EBE, með síðari breytingum, sbr. og 14. gr.

16. gr.

Nú er námið sem sótt er um viðurkenningu á skv. 14. gr. a.m.k. einu ári skemmra en námstíminn á Íslandi í viðkomandi starfsgrein og má þá krefjast þess að umsækjandinn leggi fram vottorð um starfsreynslu sem sé tvisvar sinnum sá tími sem vantar upp á lengd náms tímans. Ef sá tími sem upp á vantar er tími í starfsnámi má krefjast starfsreynslu sem er samþætt því sem upp á vantar með námstímann.

Taka skal tillit til starfsreynslu sem nefnd er í 15. gr. Aldrei má krefjast lengri starfsreynslu en í fjögur ár.

17. gr.

Nú er menntunin sem sótt er um viðurkenningu á skv. 14. gr. að innihaldi verulega frábrugðin námi í viðkomandi starfsgrein á Íslandi og má þá krefjast þess að umsækjandinn starfi til reynslu undir handleiðslu í hámark þrjú ár eða að hann fari í hæfnispróf sbr. 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 92/51/EBE.

Umsækjandinn getur valið milli aðlögunartíma/starfs til reynslu og hæfnisprófs sé ekki annað ákveðið.“

15. gr

14. gr. sem verður 18. gr. orðast svo:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur:

1. sett nánari reglur um reynslutíma og hæfnispróf sbr. 3. og 4. gr. tilskipunar 89/48/EBE, með síðari breytingum og tilskipunar 92/51/EBE, með síðari breytingum
2. ákveðið að fleiri starfsstéttir en þær sem tilgreindar eru í 10. og 14. gr. falli undir ákvæði 10. - 18. gr. reglugerðarinnar.

16. gr.

Á 15. gr. sem verður 19. gr. verður eftirfarandi breyting:

Á eftir orðunum „öðru EES-landi“ í 1. tölul. komi orðin „eða í Sviss“.

17. gr.

Á 16. gr. sem verður 20. gr. verður eftirfarandi breyting:

Í 1. mgr. komi í stað orðanna „15. gr.“ orðin „19. gr.“

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. sem verður 21. gr.:

- a) Á eftir orðunum „skv. 3. - 10.“ komi í stað orðanna „eða 15. gr.“ orðin „og 14. gr. eða 19. gr.“
- b) Á eftir orðunum „EES-landi“ í 1. tölul. 1. mgr. komi orðin „og Sviss“.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. sem verður 22. gr.:

- a) Í 1. másl. 1. mgr. komi í stað orðanna „15. gr.“ orðin „19. gr.“
- b) Í 1. másl. 1. mgr. komi í stað orðanna „skv. 2. og 4. gr. eða 15. gr.“ orðin „ , 4., 10. og 14. gr. eða 19. gr.“

20. gr.

Í 19. gr. sem verður 23. gr. komi í stað orðanna „eða 15. gr.“ orðin „og 14. gr. eða 19. gr.“

21. gr.

Í 20. gr. sem verður 24. gr. komi í stað orðanna „eða 15. gr.“ orðin „og 14. gr. eða 19. gr.“

22. gr.

Í 21. gr. sem verður 25. gr. koma á eftir orðunum „EES-landi“ orðin „og í Sviss“.

23. gr.

Í 22. gr. sem verður 26. gr. komi í stað orðanna „eða 15. gr.“ orðin „og 14. gr. eða 19. gr.“

24. gr.

23. gr. verður 27. gr.

25. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. - 5. gr. laga nr. 116/1993 um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði og 4. gr. laga um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum nr. 83/1993, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 13. júlí 2004.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

SAMÞYKKT

um stjórn Vestmannaeyjabæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar er skipuð 7 bæjarfulltrúum kjörnum skv. II. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. lög um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Vestmannaeyjabæjar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að taka að sér verkefni sem varðar íbúa bæjarins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, ráð, stjórnir og aðrar nefndir, formenn og varaformenn þeirra ráða, sem kveðið er á um í 1.–5. t.l., 1. mgr. 42. gr., kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga bæjarins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá bænum.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins og ráða bæjarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bænum.

II. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnar.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur fundi samkvæmt nánari ákvörðun bæjarráðs. Fundir bæjarstjórnar skulu haldnir eigi sjaldnar en mánaðarlega og fundardagar eru fimmtudagar að öðru jöfnu. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 18.00.

Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í bæjarstjórninni sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í bæjarstjórninni átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr. Sá er boða skal fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar getur falið bæjarstjóra það verkefni.

9. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar bæjarstjórnarfundir og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórn ekki gert það.

10. gr.

Íbúum bæjarins skal kunnbert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar bæjarins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni. Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar tekur bæjarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum bæjarins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningar forseta bæjarstjórnar og varaforseta, kosningar ráða, stjórnar og nefnda á vegum bæjarstjórnar og formanna og varaformanna þeirra ráða, sem kveðið er á um í 1.–5. tl. 1. mgr. 42. gr., svo og ráðningar bæjarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá bænum.
2. Fundargerðir ráða, stjórnar og nefnda á vegum bæjarins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga. Óski bæjarfulltrúi eftir umræðum eða atkvæðagreiðslu um einstaka liði fundargerða skal hann beina erindi þess efnis til bæjarstjóra a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund og í síðasta lagi fyrir kl. 16.00 föstudag vegna funda sem halda á mánu- og þriðjudag þar á eftir og skal hlutaðeigandi liður/málefni þá tekið inn sem sérstakur dagskrárliður. Bæjarstjóri getur sömuleiðis ákveðið að einstakir liðir í fundargerðum verði teknir inn sem sérstakur dagskrárliður. Að öðru leyti fer um afgreiðslu fundargerða skv. 3. mgr. 30. gr.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund og í síðasta lagi fyrir kl. 16.00 föstudag vegna funda sem halda á mánu- og þriðjudag þar á eftir.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi einum sólarhring fyrir bæjarstjórnarfund hafa sent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá. Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg til að bæjarfulltrúar geti undirbúið sig fyrir fundinn.

Bæjarstjóra er heimilt að senda fundarboð, dagskrá og fylgigögn með rafrænum hætti til bæjarfulltrúa, nema bæjarfulltrúi óski sérstaklega eftir að fá slík gögn boðsend til sín.

12. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum bæjarins þegar hún hefur verið samin á auglýsingatöflu í anddyri Ráðhúss bæjarins á venjulegum afgreiðslutíma, heimasíðu bæjarins eða með öðrum hætti sem bæjarstjórnin ákveður.

13. gr.

Bæjarstjóri skal senda bæjarfulltrúum fundarboð vegna aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá og fylgigögnum a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Bæjarstjóra er heimilt að senda fundarboð, dagskrá og fylgigögn vegna aukafundar með rafrænum hætti til bæjarfulltrúa.

14. gr.

Sá bæjarfulltrúi er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta bæjarfulltrúa skal hann víkja sæti og forsetakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaforseti skal kjörinn til jafnlangs tíma og forseti. Til kynna skal kjör forseta og varaforseta til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti forsetastörfum nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

15. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

16. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgengi fatlaðra.

Bæjarstjórnarfundur skal halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórn getur þó ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

17. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

18. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur forseti vísað honum úr fundarsal.

Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

19. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

20. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja.
2. Ársreikninga bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

21. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnarmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast. Yfirlýsing um slíkt skal lögð fram á fyrsta eða öðrum fundi bæjarstjórnar eftir kosningar.

Nú næst ekki samkomulag milli stjórnarmálaflokka og samtaka sem standa að sameiginlegum lista og skulu þá þeir varamenn listans sem eru úr sama stjórnarmálaflokki eða samtökum og aðalmaður sá sem um er að ræða taka sæti hans í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna slíks lista í sama stjórnarmálaflokki eða samtökum og aðalfulltrúinn sem í hlut á þegar kosning fór fram taka varamenn listans sæti samkvæmt venjulegum reglum.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveðji sér hljóðs á bæjarstjórnarfundum.

22. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að vilja afstaða hans mótist að einhverju leyti af því.

Bæjarfulltrúar eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn bæjarins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórn fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra né þegar bæjarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga bæjarins.

Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að skýra forseta bæjarstjórnar frá því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

23. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

24. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta eða fundarins.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls í allt að 15 mínútur í fyrra skiptið og allt að 5 mínútur í seinna skiptið. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að tala í þriðja sinn til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd sem getur þá einnig tekið til fundarstjórnar forseta. Má þá þessi liður umræðunnar ekki taka lengri tíma en tvær mínútur. Flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega tala þrisvar við hverja umræðu máls með sömu tímatakörkunum og að ofan greinir og í allt að 5 mínútur í þriðja skiptið.

Forseti getur leyft bæjarfulltrúum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar. Skal þá sá er vill svara bera fram ósk um það við forseta. Andsvari má einungis beina að máli ræðumanns en ekki öðru andsvari. Hvert andsvar má ekki taka lengri tíma en tvær mínútur og skal ræðumanni heimilt að svara því á tveimur mínútum. Heimilt er forseta að stytta ræðutíma hvers ræðumanns í þessum umræðum. Orðaskipti í andsvörum mega ekki standa lengur en fimmtán mínútur í einu.

Umræður um fjárhagsáætlun og ársreikninga bæjarsjóðs og stofnana hans eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar um tímatakörk ræðutíma.

Forseta er þó heimilt að rýmka ræðutíma sé mál það umfangsmikið eða mikilvægt að ekki sé hægt að ræða það á fullnægjandi hátt innan þeirra reglna sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr. Sömuleiðis er forseta heimilt að rýmka ræðutíma ef sérstaklega stendur á og nauðsyn krefur. Ákvörðun forseta samkvæmt þessari málsgrein skal liggja fyrir áður en umræða hefst.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

25. gr.

Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigsalum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

Bæjarfulltrúar skulu gæta þess að hafa hljóð á meðan talað er úr ræðustóli.

26. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar. Forseti ákveður með hliðsjón af viðurkenndum fundarsköpum, sbr. 18. gr., hvort tillaga komist á dagskrá, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

27. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarra ráða, stjórna, nefnda eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

28. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er bæjarfulltrúa að gera stutta grein fyrir atkvæði sínu.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

29. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða úrslitum máls. Hjárseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Verði atkvæði jöfn með máli og móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fram fara í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og forsetakjör, sbr. 3. mgr. 14. gr. þessarar samþykktar.

30. gr.

Bæjarstjórn skal skipa sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast færslu gerðabókar og ritun fundargerða.

Í gerðabók bæjarstjórnar skal skrá númer hvers fundar, hvar og hvenær hann er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók dagskrá fundar, upphafstíma fundar, fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Viðstaddir bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín í gerðabók við slit fundar.

Fundargerðir bæjarstjórnar skal skrá í tölvu. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir ráða, stjórnar og nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða fundargerðir er um að ræða, dagsetningu þeirra og fjölda tölulíða. Bæjarfulltrúar geta óskað eftir að einstakir líðir eða málefni fundargerðar verði afgreidd sérstaklega og skulu þá beina slíku erindi til bæjarstjóra, sbr. 2. tl., 2. mgr. 11. gr.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál í sérstaka gerðabók.

Í lok fundarins skal fundargerð prentuð, lesin upp og undirrituð af fundarmönnum. Einnig skulu bæjarfulltrúar setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar og blaðsíðurnar tölusettar í áframhaldandi töluröð frá síðasta fundi. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Bæjarfulltrúi sem vill gera athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti til notkunar í prent- og ljósvakamiðlum. Veiti bæjarstjórn leyfi til slíkra hljóðritana skal leyfið háð því að viðkomandi fjölmiðlar fari eftir siðareglum Bláa-mannafélags Íslands.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

31. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli. Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum bæjarins. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, svo sem forsetastörf. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

32. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

33. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðarétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, árs-

reikninga, eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skv. 2. og 3. tl. 2. mgr. 11. gr.

34. gr.

Bæjarfulltrúar eiga aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna. Með öll slík erindi skulu þeir snúa sér til bæjarstjóra.

35. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í bæjarstjórn. Heimilt er að hafa bókanir lengri þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun og ársreikninga bæjarsjóðs og stofnana hans. Bókanir skulu vera skriflegar.

36. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarfulltrúi lætur af þeim störfum.

37. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi bæjarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarfulltrúi af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal bæjarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

38. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

39. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega, sbr. 7. gr.

40. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem sitja bæjarstjórnarfundum.

IV. KAFLI

Almennt um ráð, stjórnir og nefndir.

41. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess. Á sama fundi kýs bæjarstjórn formann og varaformann ráða sem getið er um í 1.–5. tl. 1. mgr. 42. gr og skulu formenn og varaformenn ráðanna koma úr hópi aðal- og varabæjarfulltrúa. Nú forfallast aðalbæjarfulltrúi og skal þá sá sem sæti hans tekur í bæjarstjórn jafnframt taka sæti hans í þeim nefndum og ráðum sem hann situr í á vegum bæjarstjórnar og gegna enn fremur þeim embættum sem aðalbæjarfulltrúi hefur áður verið kjörinn til meðan hann situr sem aðalbæjarfulltrúi í bæjarstjórn.

Kosning formanna og varaformanna ráða sem getið er um í 1.–5. tl. 1. mgr. 42. gr. skal fara fram með þeim hætti að sá aðili sem fær flest atkvæði skal vera réttkjörinn formaður en sá er fékk næst flest atkvæði varaformaður.

Formönnum og varaformönnum ráða er heimilt að sitja nefndar- og stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt í þeim fagnefndum og stjórnnum sem heyra undir ráðin.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá. Bæjarstjórn getur ákveðið að víkja frá þessu ákvæði ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starf viðkomandi einstaklings er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum þrátt fyrir nefndarsetu.

42. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa, formenn og varaformenn í eftirtalin ráð, stjórnir og nefndir til eins árs á fundi í júnímánuði ár hvert:

1. *Bæjarráð*. Þrjú aðalfulltrúa í bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
2. *Fjölskylduráð*. Sjö aðalmenn og fimm til vara.
3. *Menningar- og tómstundaráð*. Sjö aðalmenn og fimm til vara.
4. *Skólamálaráð*. Sjö aðalmenn og fimm til vara.
5. *Umhverfis- og skipulagsráð*. Sjö aðalmenn og fimm til vara.
6. *Hafnarstjórn*. Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Hafnarstjórn starfar samkvæmt ákvæðum hafnalaga nr. 61/2003 svo og hafnarreglugerðar fyrir Vestmannaeyjahöfn nr. 377/1985.
7. *Stjórn Nýsköpunarstofu*. Tvo aðalmenn og jafnmarga til vara auk bæjarstjóra sem er formaður stjórnarinnar.
8. *Stjórn Sparisjóðs Vestmannaeyja*. Tvo aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 36. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113/1996 og samþykktum Sparisjóðs Vestmannaeyja frá 3. desember 1942 með áorðnum breytingum.

Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum skal bæjarstjórn kjósa eftirtalin ráð, stjórnir og nefndir til fjögurra ára.

1. *Aðalfund Sambands sunnlenskra sveitarfélaga*. Sex aðalmenn og jafnmarga til vara eða skv. 3.1. gr. laga sambandsins.
2. *Almannavarnanefnd*. Tvo aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
3. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalman og annan til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.

4. *Fulltrúaráð Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara samkvæmt lögum Sambands íslenskra sveitarfélaga.
5. *Heilbrigðisnefnd Suðurlands*. Einn aðalmann og annan til vara skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og samkomulagi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga og Vestmannaeyjabæjar um fyrirkomulag heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits í Suðurkjördæmi frá 5. janúar 2000.
6. *Kjörstjórnir*. Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Undirkjörstjórnir: Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara í samræmi við fjölda kjördeilda.
7. *Skoðunarmenn*. Tvo aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
8. *Skólanefnd framhaldsskóla*. Tvo aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 og reglugerð um skólanefndir við framhaldsskóla nr. 132/1997.
9. *Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjabæjar*. Einn aðalmann og annan til vara auk bæjarstjóra sem er formaður stjórnarinnar. Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjabæjar fer með stjórn lífeyrissjóðsins og fjárreiður hans samkvæmt reglugerð sjóðsins frá 4. janúar 2001 með síðari breytingum.
10. *Stjórn Náttúrustofu Suðurlands*. Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara.
11. *Þjónustuhópur aldraðra*. Tvo aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Jafnframt tilnefnið héraðslæknir lækni með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga og hjúkrunarfræðing með þekkingu á öldrunarþjónustu. Samtök eldri borgara tilnefna einn fulltrúa úr sínum röðum. Bæjarstjórn velur þjónustuhópnum formann úr hópi nefndarmanna.

43. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

44. gr.

Flokkur eða framboðslisti sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn ráðsmann, skv. 1.–5. tl. 1. mgr. 42. gr. er heimilt að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa til setu í hlutadeigandi ráði með málfrelsi og tillögurétt.

45. gr.

Bæjarstjóri boðar ráð, stjórn og nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af bæjarstjórn. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða bæjarstjórnin kveði á um annað.

Formaður ráðs, stjórnar og nefndar boðar eða lætur boða fundi með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara ásamt dagskrá. Dagskrá fundarins skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem formaður telur nauðsynleg til að fundarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn.

Heimilt er formanni að senda fundarboð, dagskrá og fylgigögn með rafrænum hætti til fundarmanna.

Fundarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá fundar skal tilkynna það formanni eða bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund og í síðasta lagi fyrir kl. 16.00 föstudag vegna funda sem halda á mánu- og þriðjudag þar á eftir.

Bæjarstjóri eða framkvæmdastjórnar fagsviða bæjarins undirbúa ráðsfundi skv. 1.–5. tl. 1. mgr. 42. gr. í samráði við formann hlutaðeigandi ráðs. Geti ráðsmaður ekki sótt fund boðar hann varamann sinn og tilkynnir það til bæjarstjóra eða formanns hlutaðeigandi ráðs.

46. gr.

Ráðs-, stjórnar- og nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti. Þegar ráðs-, stjórnar- eða nefndarmaður flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um ráðs-, stjórnar- eða nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

47. gr.

Ráðs-, stjórnar- og nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Ráð, stjórn eða nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur ráð, stjórn eða nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

Ráð, stjórn eða nefnd getur ákveðið með hliðsjón af 16. gr. að almenningi verði heimilaður aðgangur að fundum viðkomandi ráðs, stjórnar eða nefndar.

Skyllt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi ráðs, stjórnar og nefnda sé þess óskað.

48. gr.

Formaður ráðs, stjórnar og nefndar stýrir fundum og sér til þess að allt fari löglega og skipulega fram á fundum. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar forseta bæjarstjórnar. Heimilt er að taka mál til meðferðar fundar þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgeiðslu slíks máls ef einhver fundarmaður óskar þess. Að öðru leyti eiga ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar að gilda um undirbúning og meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarins eftir því sem við á.

49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari ráðs, stjórnar eða nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Ráð, stjórn eða nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða ráða, stjórna og nefnda gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 30. gr.

50. gr.

Um hlutverk og valdsvið ráða, stjórna og nefnda á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum, erindisbréfum, reglum eða samþykktum sem bæjarstjórn setur.

Forseti bæjarstjórnar skal úrskurða um valdsvið og mörk milli annarra ráða, stjórna eða nefnda sé vafi fyrir hendi.

51. gr.

Til þess að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð hjá bænum getur bæjarstjórn á grundvelli settra reglna eða erindisbréfs falið ráði, stjórn, nefnd eða öðrum aðilum innan stjórnýslu bæjarins, fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka á þeirra valdsviði sem ekki varða verulega fjárhag bæjarins nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því.

Feli bæjarstjórn eða ráð öðrum aðilum innan stjórnarsýslu bæjarins að taka fullnaðar-ákvörðun skv. 1. mgr. skal hlutaðeigandi ráð, stjórn, nefnd eða bæjarstjórn hafa eftirlit með afgreiðslu mála og kalla reglulega eftir skýrslum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli hennar.

Þeim aðila innan stjórnarsýslu bæjarins sem veitt hefur verið vald til að taka fullnaðar-ákvörðun skv. 1. mgr. er ávallt heimilt að vísa ákvörðun til hlutaðeigandi ráðs, stjórnar eða nefndar til ákvörðunar.

Á sama hátt getur þriðjungur fulltrúa í ráði, stjórn eða nefnd sem veitt hefur verið vald til að taka fullnaðarákvarðanir skv. 1. mgr. ávallt óskað eftir því með bókun á fundi að viðkomandi ákvörðun verði skotið til bæjarstjórnar sem mun þá taka málefnið til ákvörðunar.

52. gr.

Aðili máls á rétt á að fá mál hans tekið til meðferðar á ný eftir fullnaðarafgreiðslu þess hjá bæjarstjórn, ráði, nefnd eða embættismanni ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð og bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

Beiðni um endurupptöku máls skal beina til bæjarráðs og verður að jafnaði að koma fram áður en þrjú mánuðir eru liðnir frá því að málsaðila er tilkynnt um afgreiðslu.

Ef endurupptökuskilyrði eru fyrir hendi tekur bæjarráð ákvörðun um málsmeðferð.

53. gr.

Fundargerðir ráða, stjórnar og nefnda bæjarins sem getið er í 1. mgr. 42. gr. skulu að jafnaði teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi. Fundargerðir annarra nefnda sem tilnefndar eða kosnar eru skv. 43. gr. skal að jafnaði taka á dagskrá hlutaðeigandi ráðs eða stjórnar sem slíkt gerir. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar eða ráða eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar eða ráða ber að taka þær sérstaklega fyrir.

Ályktun ráðs, stjórnar eða nefndar sem hefur í för með sér útgjöld umfram áður veittar heimildir skal ætíð lögð fyrir bæjarráð og bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

Nú er fyrirséð að útgjöld ráðs, stjórnar, nefndar eða stofnunar munu fara fram úr áður veittum heimildum og skal þá hlutaðeigandi senda með hæfilegum fyrirvara erindi til bæjarráðs og óska eftir aukafjárveitingu í þá veru.

54. gr.

Bæjarráð.

Bæjarráð skal a.m.k. halda fund tvisvar í mánuði og eru fundardagar að jafnaði fyrsti og þriðji mánudagur hvers mánaðar. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri eða a.m.k. einn bæjarráðsmaður óska þess.

55. gr.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

56. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Þá fer bæjarráð jafnframt með yfirumsjón með stjórnarsýslu og starfsmannamálum bæjarins, þ.m.t. kjaramálum. Bæjarráð hefur umsjón með verkefnum sem tengjast atvinnulífi, frumkvöðlastarfsemi, fyrirtækjum bæjarins og sam-

göngumálum. Bæjarráð hefur umsjón með undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórnna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um. Þá fer ráðið með nýtingu þess húsnæðis sem undir það heyrir auk annarra verkefna sem bæjarstjórn felur ráðinu.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, sbr. 51. og 52. gr. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Ef mál sem bæjarráð hefur heimild til að afgreiða eru samhljóða samþykkt í bæjarráði hefur bæjarstjóri heimild til að láta framkvæma þau. Ef mótaskvæði kemur fram í bæjarráði við afgreiðslu máls bíður frekari vinnsla þess afgreiðslu bæjarstjórnar.

57. gr.

Fjölskylduráð.

Fjölskylduráð skal að jafnaði halda fund tvisvar í mánuði. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður ráðsins eða a.m.k. fjórir ráðsmenn óska þess.

58. gr.

Fjölskylduráð fer með málefni sem tengjast framkvæmd félagsmálastarfs bæjarins, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Þá fer ráðið með verkefni barnaverndarnefndar, sbr. barnaverndarlög nr. 80/2002, stefnumótun og framkvæmd forvarnarmála, málefna sem tengjast félagslega húsnæðiskerfinu, sbr. lög um húsnæðismál nr. 44/1998, verkefni tengd lögum um jafna stöðu og rétt kvenna og karla nr. 96/2000 og heilbrigðis- og öldrunarmál. Þá fer ráðið með nýtingu þess húsnæðis sem undir það heyrir auk annarra verkefna sem bæjarstjórn felur ráðinu.

Fjölskylduráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Heimilt er að fela fjölskylduráði fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans og lög mæli ekki á annan veg, sbr. 51. og 52. gr. Fjölskylduráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka ráðsins.

Ef mál sem fjölskylduráð hefur heimild til að afgreiða eru samhljóða samþykkt í ráðinu hefur bæjarstjóri heimild til að láta framkvæma þau. Ef mótaskvæði kemur fram í ráðinu við afgreiðslu máls bíður frekari vinnsla þess afgreiðslu bæjarstjórnar.

59. gr.

Menningar- og tómsundaráð.

Menningar- og tómsundaráð skal að jafnaði halda fund tvisvar í mánuði. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður ráðsins eða a.m.k. fjórir ráðsmenn óska þess.

60. gr.

Menningar- og tómsundaráð fer með málefni sem tengjast framkvæmd íþrótt- og æskulýðsmála, þ.m.t. nýtingu íþróttamannvirkja og stjórn félagsstarfs á vegum bæjarins. Þá fer ráðið með stjórn safna bæjarins og aðra þá þætti er varða menningarmál á vegum bæjarins, sem og málefni sem tengjast lögum um almenningabókasöfn nr. 36/1997, jafnframt sem það fer með markaðsmál Vestmannaeyjabæjar auk annarra verkefna sem bæjarstjórn felur ráðinu.

Menningar- og tómstundaráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Heimilt er að fela ráðinu fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans og lög mæli ekki á annan veg, sbr. 51. og 52. gr. Ráðið ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka þess.

Ef mál sem menningar- og tómstundaráð hefur heimild til að afgreiða eru samhljóða samþykkt í ráðinu hefur bæjarstjóri heimild til að láta framkvæma þau. Ef mótaskvæði kemur fram í ráðinu við afgreiðslu máls bíður frekari vinnsla þess afgreiðslu bæjarstjórnar.

61. gr.

Skólamálaráð.

Skólamálaráð skal að jafnaði halda fund tvisvar í mánuði. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður ráðsins eða a.m.k. fjórir ráðsmenn óska þess.

62. gr.

Skólamálaráð fer með málefni sem tengjast grunnskólum bæjarins, sbr. lög um grunnskóla nr. 66/1995, málefni tónlistarskóla bæjarins, sbr. lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga nr. 87/1989, málefni leikskóla bæjarins, sbr. lög um leikskóla nr. 78/1994 og málefni listaskóla bæjarins. Þá fer ráðið með nýtingu skólahúsnæðis auk annarra verkefna sem bæjarstjórn felur ráðinu.

Skólamálaráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Heimilt er að fela ráðinu fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans og lög mæli ekki á annan veg, sbr. 51. og 52. gr. Ráðið ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka þess.

Ef mál sem skólamálaráð hefur heimild til að afgreiða eru samhljóða samþykkt í ráðinu hefur bæjarstjóri heimild til að láta framkvæma þau. Ef mótaskvæði kemur fram í ráðinu við afgreiðslu máls bíður frekari vinnsla þess afgreiðslu bæjarstjórnar.

63. gr.

Umhverfis- og skipulagsráð.

Umhverfis- og skipulagsráð skal að jafnaði halda fund tvisvar í mánuði. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður ráðsins eða a.m.k. fjórir ráðsmenn óska þess.

64. gr.

Umhverfis- og skipulagsráð fer með málefni skipulags- og byggingamála, sbr. lög nr. 73/1997, fráveitu bæjarins, sorpeyðinga- og umferðarmál, sbr. umferðalög nr. 50/1987. Þá hefur ráðið á hendi sinni málefni sem tengjast náttúruvernd og umhverfismálum, þ.m.t. úti- vistarvæði og fólkvanga, sbr. lög nr. 44/1999. Ráðið fer jafnframt með ráðstöfun landnytja, svo sem leigu beitolanda og garðlanda, úthlutun veiðileyfa og veitingu leyfa til búfjárhalds, sbr. lög nr. 103/2002. Einnig sér ráðið um fjallskil og fóðurgæslu og fer með hlutverk gróðurverndarnefndar, sbr. lög um landgræðslu nr. 17/1965. Þá fer ráðið með nýtingu þess húsnæðis sem undir það heyrir auk annarra verkefna sem bæjarstjórn felur ráðinu.

Umhverfis- og skipulagsráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Heimilt er að fela ráðinu fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans og lög mæla ekki á annan veg, sbr. 51. og 52. gr. Ráðið ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka þess.

Ef mál sem umhverfis- og skipulagsráð hefur heimild til að afgreiða eru samhljóða samþykkt í ráðinu hefur bæjarstjóri heimild til að láta framkvæma þau. Ef mótaskvæði kemur fram í ráðinu við afgreiðslu máls bíður frekari vinnsla þess afgreiðslu bæjarstjórnar.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

65. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

66. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar/bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarráð og bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykkt bæjarstjórnarinnar þarf til. Bæjarstjóra er heimilt með samþykki bæjarstjórnar að veita öðrum starfsmanni bæjarins prókúru.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarins.

Framkvæmdastjóri stjórnýslu- og fjármálasviðs gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans nema bæjarstjórn ákveði annað.

67. gr.

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöðum, svo sem framkvæmdastjóra fag sviða og yfirmenn stofnana og veitir þeim lausn frá störfum nema á annan veg sé mælt í lögum og reglugerðum.

68. gr.

Bæjarstjóri ræður aðra starfsmenn en þá sem greint er frá í 67. gr. nema á annan veg sé mælt í lögum, reglugerðum eða reglum sem bæjarstjórn setur.

69. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna bæjarins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn bæjarins.

70. gr.

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og stofnana fyrir lok desembermánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn skv. 20. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarins og skal þar greint milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar, áætlunar um efnahag í upphafi og lok árs og áætlunar um fjármagnshreyfingar. Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal

við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs.

Bæjarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld bæjarins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum hans.

71. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 70. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, sammingsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn. Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

72. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn, enda hafi breytingartillögunar verið sendar bæjarfulltrúum með dagskrá viðkomandi bæjarstjórnarfundar.

73. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal bæjarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir bæjarins. Skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan tveggja mánaða frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

74. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 70. gr. og þriggja ára áætlun skv. 73. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 72. gr.

75. gr.

Ársreikningur bæjarsjóðs og stofnana hans skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Bæjarstjórn skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana bæjarins og fyrirtækja hans eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn. Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. laga nr. 45/1998 staðfestist hér með og skal öðlast gildi 1. ágúst 2004. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Vestmannaeyjabæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 307/2000, með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytinu, 12. júlí 2004.

F. h. r.
Sesselja Árnadóttir.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

GJALDSKRÁ

hafna í Austurbyggð, Fáskrúðsfjarðarhöfn og Stöðvarfjarðarhöfn.

Öll eftirtalin gjöld eru án VSK og leggst því VSK á allar fjárhæðir við útgáfu reikninga.

Skipagjöld:

Lestargjöld (mest 2 sinnum í mánuði)	7,40 kr./mæliein.
Bryggjugjöld (mest 26 sinnum í mánuði)	1,80 kr./mæliein/12 tíma.
Lestar- og bryggjugjöld (mánaðargjöld)	48,40 kr./mæliein/sólarhr.
Lestar- og bryggjugjöld (mánaðargjöld), lágmarksgjald	5.286 kr./mán.
Lestar- og bryggjugjöld (mánaðargjöld), lágmarksgjald bátar minni en 20 tn.	3.549 kr./mán. (er 3.759)

Við útskrift skipagjalda skv. stærð skipa skal miða við mestu brúttóntonnatölu skipa skv. alþjóðlegu mælibréfi sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969. Skipagjöld eru lögð á þau skip og báta er nota viðkomandi höfn, bryggjugjöld og lestargjöld sem eru miðuð við stærð skipa, dvalartíma á hafnarsvæðinu og veitta aðstöðu.

Lestargjöld:

Af öllum skipum skal greiða lestargjald. Af innlendum skipum þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.

Bryggjugjöld:

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða fyrir hverja byrjaða 12 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftast en 26 sinnum í mánuði. Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum sem mánaðargjald.

Vörugjöld:

1. flokkur	173,50 kr./tonn
2. flokkur	334,00 kr./tonn
3. flokkur	360,60 kr./tonn
4. flokkur aflagjald	1,28% af aflaverðmæti
Lágmarksgjald af öllum flokkum	109,00 kr.

1. flokkur:

Bensín, brennsluolía, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.

2. flokkur:

Lýsi og fiskimjöl.

3. flokkur:

- Pungavarningur s.s. sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolfur, sjávararafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar- og byggingaframkvæmda.
- Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra s.s. heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara,

fatnaður. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.

- c) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd. Af flutningi vinnuvéla innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna enda ferðist eigendur með sama skipi.

4. flokkur:

Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Gjald af frystum afla frystiskipa og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis. Gjald af saltfiski reiknast m.v. tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverðmæti.

Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.

Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi síðar en mánaðarlega.

Þjónustugjöld.

Hafnsaga:

Hafnarsjóður getur haft milligöngu um að útvega hafnsögumann og er greitt fyrir skv. reikningi.

Hafnsögugjald

Fast gjald

Eftir reikningi

Hafnarvernd:

Vöktun yfirvinna

2.500 kr. pr. tímann

Vöktun dagvinna

2.000 kr. pr. tímann

Vinna verndarfulltrúa

2.500 kr. pr. tímann

Fast gjald vegna búnaðar

5.000 kr. pr. komu

Vatnsgjöld:

Vatn afgreitt frá bryggju:

Vatn til skipa

115 kr. pr. tonn

Lágmarksgjald

1.730 kr. pr. tonn

Vatn til heimaskipa

6.427 kr. pr. mán.

Tengigjald vatns utan dagvinnu

3.127 kr.

Vigtargjöld:

Almenn vigtun

75,70 kr. pr. tonn

Lágmarksgjald pr. vigtun

438 kr.

Vigtun flutningabíla

735 kr.

Útseld vinna við vigtun o.fl.:

Yfirvinna

1.957 kr. pr. tímann

Dagvinna

1.133 kr. pr. tímann

Yfirvinna innheimtist aukalega og skiptist milli aðila ef unnið er fyrir fleiri en einn samtímis.

Sorpgjald:

Fyrir hverja komu í höfn

541 kr. pr. komu

Sérferð á flokkunarstöð er greidd af viðkomandi

Festargjald:

Gjaldið innheimtist þegar hafnarvörður bindur skip

4.775 kr.

Geymslugjald:

Gjald fyrir geymslu á veiðarfærum (nætur, troll) á hafnarköntum.
Frítt fyrstu vikuna síðan 2.060 kr. pr. sólarhring.

Annað:

Aðstöðugjald vegna upptöku báta (fast gjald sbr. eitt bryggjugjald fyrir smábáta)	3.759 kr.
Mælaleiga	1.180 kr.
Gámarafmagn/annað rafmagn	9,09 kr./kwst.
Fari tenging fram utan dagvinnutíma greiðist tengigjald	3.127 kr.

Gjaldskrá þessi, sem er sett skv. heimild í lögum nr. 61/2003 og var samþykkt í hafnarnefnd Austurbyggðar 5. júlí 2004, öðlast þegar gildi.

Fáskrúðsfirði, 5. júlí 2004.

F.h. hafnarnefndar Austurbyggðar,

Steinþór Pétursson sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

1. gr.

Gjald fyrir kúasæðingar er 1,7% af afurðarstöðvarverði mjólkur, auk þess er:

- gjald á sædda kú í skýrsluhaldi	kr. 1.100
- gjald á sædda kú utan skýrsluhalds	" 2.200
- gjald á sædda kú þar sem ekki er mjólkurframleiðsla	" 5.000
- viðbótargjald á holdanautasæðingu	" 1.000

2. gr.

Ýmis konar útseld vinna eða sérhæfð þjónusta og ráðgjöf fyrir einstaklinga og fyrirtæki s.s. áætlanagerð, matsgerðir, umsóknir, vottorð, mælingar og fleiri verkefni er undir lögin falla, tímagjald allt að

kr. 5.500

3. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1. og 2. gr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. mgr. 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og tekur þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá dags. 21. júlí 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. júlí 2004.

F. h. r.

Niels Árni Lund.

Atli Már Ingólfsson.

GJALDSKRÁ**fyrir Búnaðarsamband Austurlands.**

1. gr.

Gjald fyrir kúasæðingar er 1,7% af afurðarstöðvarverði mjólkur, auk þess er:

- gjald á sædda kú í skýrsluhaldi a)	kr. 2.420
- gjald á sædda kú utan skýrsluhalds a)	" 3.030
- gjald á sædda kú, ekki í mjólkurframleiðslu b)	" 6.655
- gjald fyrir Galloway sæði c)	" 1.320
- gjald fyrir Angus/Limousin c)	" 660

a) gjaldið reiknast við 1., 4. og 7. sæðingu

b) gjaldið reiknast við hverja sæðingu

c) gjaldið reiknast við hverja sæðingu að viðbættu grunngjaldi við 1., 4. og 7. sæðingu.

2. gr.

Sértæk ráðgjöf og þjónusta til aðildarféлага að BsA, a)	kr. 2.250
Sértæk ráðgjöf og þjónusta til annarra	" 5.830
Almenn ráðgjöf fyrir bændur og tengda aðila á starfssvæði BsA ..	" 0

3. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldröku, skv. 1. og 2. gr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. mgr. 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. júlí 2004.

F. h. r.

Níels Árni Lund.

Atli Már Ingólfsson.

GJALDSKRÁ**fyrir búfjárefirlit í Djúpavogshreppi.**

1. gr.

Gjald fyrir haustskoðun sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu sem er ein klst., er kr. 5.000.

2. gr.

Eftirlitsgjald sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. skal vera kr. 5.000 á tímaeiningu.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanna sbr. 1. og 2. gr. skal greiddur af umboðsmanni hlutaðeigandi búfjár. Kostnaður á hvern ekinn kílómetra miðast við gjald sem ákveðið

er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytis. Virðisaukaskattur reiknast á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. gr.

4. gr.

Þurfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum sbr. 15. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald, sem nemur útlögðum kostnaði sveitarsjóðs í hverju úrskurðarmáli.

5. gr.

Endurskoðun gjaldskrár þessarar skal fara fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar sveitar-sjóðs hvert ár.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. júlí 2004.

F. h. r.
Níels Árni Lund.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn, Suðurnes.

Samkvæmt lögum nr. 10, 19. mars 2001 um Hitaveitu Suðurnesja, vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn, Suðurnes, er taki gildi 1. ágúst 2004:

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn, Suðurnes, nr. 451, 20. júní 2003. Allir taxtar hækki um 3%.

Fastagjöld, mælaleiga og opnunargjöld hækka um 3%.

Heimtaugargjöld hækka um 4,5%.

Iðnaðarráðuneytinu, 14. júlí 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn, Vestmannaeyjar.

Samkvæmt lögum nr. 10, 19. mars 2001 um Hitaveitu Suðurnesja, vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn, Vestmannaeyjar, er taki gildi 1. ágúst 2004:

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn, Vestmannaeyjar, nr. 453, 20. júní 2003. Allir taxtar hækki um 3%.

Fastagjöld, mælaleiga og opnunargjöld hækka um 3%

Heimtaugargjöld hækka um 4,5%

Iðnaðarráðuneytinu, 14. júlí 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að ljúka átaki til einsetningar grunnskólans, nr. 303/2003.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað ártalanna „2003–2005“ kemur: 2003–2006.
- b. Í stað orðanna „fyrstu tvö árin“ kemur: fyrstu þrjú árin.
- c. Í stað ártalsins „2005“ kemur: 2006.

2. gr.

2. málsl. 2. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 13. júlí 2004.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 113/2003.

1. gr.

Á eftir orðunum „Framlög skulu greidd sveitarfélögum“ í a-lið 1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar kemur: að $\frac{3}{4}$ hlutum fyrir 1. nóvember ár hvert en endanlegt uppgjör fer fram fyrir árslok á grundvelli leiðréttrar skrár um álagðar skatttekjur sveitarfélaga, sbr. 1. mgr. 12. gr.

2. gr.

Á eftir orðunum „1. janúar 2005“ í ákvæði til bráðabirgða kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Heimilt er þó að greiða eftir þann tíma framlög til framkvæmda sem hefjast fyrir lok árs 2004, enda liggi fyrir mat ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um að bryn þörf sé á viðkomandi framkvæmdum. Framlög vegna framkvæmda á árinu 2005 skulu miðast við verkstöðu í lok þess árs.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 13. júlí 2004.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Lækjargata – Hringbraut – Öldugata“ vegna lóðar fyrir spennistöð við Lækjargötu í Hafnarfirði.

Breytingin felst í að gerð er ný lóð fyrir spennistöð vestan við núverandi staðsetningu. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa þann 27. maí 2004.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga. Breytingin öðlast gildi nú þegar.

F.h. skipulags- og byggingarfulltrúa, 27. maí 2004.

Anna Margrét Tómasdóttir,
arkitekt umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 317/2000 um rafræna farskráningu í loftflutningum.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

2. gr.

Gildisstaka.

Reglugerð þessi sem sett er með vísan til 7. mgr. 89. gr. sbr. 145. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 9. júlí 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

20. júlí 2004

Nr. 641

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Hafnarfirði.

Strandgata 26 – 30.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 4. maí 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Hafnarfjörður – miðbær“ vegna Strandgötu 26-30. Uppdrættirnir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Álfaberg leikskóli bílastæði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 23. mars 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Einarsreit í Hafnarfirði“ vegna bílastæða fyrir leikskólann Álfaberg. Uppdrættirnir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Eskivellir 5.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti afgreiðslufundur skipulags- og byggingafulltrúa Hafnarfjarðar þann 1. júlí 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Vellir 2. áfangi“ vegna Eskivalla 5. Uppdrættirnir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 20. júlí 2004.

Bjarki Jóhannesson,

sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 990/2001, um greiðslu vaxtabóta, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað „7%“ í 1. másl. 1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar kemur: 5,5%.

2. gr.

Við reglugerðina bætist eitt nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Vaxtabætur vegna vaxtagjalda á árinu 2003 skulu nema 90% af fjárhæð vaxtabóta reiknaðra samkvæmt 10. og 11. gr. reglugerðar þessarar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í B-lið 68. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingu, og öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. kemur til framkvæmda við ákvörðun fyrirframgreiðslu vaxtabóta vegna vaxtagjalda ársins 2004 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2005.

Fjármálaráðuneytinu, 15. júlí 2004.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Guðmundur Thorlacius.

REGLUR

um neyðarakstur.

1. gr.

Neyðarakstur.

Ökutæki má því aðeins aka samkvæmt reglum um neyðarakstur að aksturinn sé talinn nauðsynlegur vegna verkefna lögreglu, við björgun fólks, vegna sjúkraflutninga, við eldsvoða, vegna umhverfisóhapps eða umferðaróhapps eða til að koma í veg fyrir verulegt tjón og að ökutækið sé skráð til neyðarakstur, sbr. þó 2. mgr.

Áskilnaður um skráningu ökutækis til neyðaraksturs nær þó ekki til ökutækja lögreglu, sem að jafnaði eru notuð við eftirlit eða hliðstæð verkefni en í undantekningartilvikum notuð til neyðaraksturs, og ökutækja sem í einstakt skipti eru notuð til aksturs í þjónustu lögreglu, slökkviliðs eða í lífsnauðsyn, svo sem við flutning sjúks manns eða slasaðs, sbr. 3. mgr. 8. gr. umferðarlaga.

Ökutæki á vegum forsetaembættisins, Alþingis og ráðuneyta, þegar í fylgd lögreglu, í tengslum við opinberar heimsóknir geta fallið undir þessar reglur, án þess að þau séu sérstaklega skráð til slíks aksturs.

2. gr.

Skráning og viðurkenning.

Umferðarstofa skráir ökutæki til neyðaraksturs. Ökutæki skal áður hafa verið viðurkennt til þeirra nota af skoðunarstofu eða með gerðarviðurkenningu, sé um sjúkrabifreið að ræða.

3. gr.

Ökutæki sem skrá má.

Skrá má til neyðaraksturs ökutæki lögreglu, slökkviliðs og almannavarna.

Ökutæki annarra opinberra stjórnvalda, svo og sjúkrabifreiðir, björgunarbifreiðir og hliðstæð ökutæki þótt í einkaeign séu, má skrá til neyðaraksturs, að fenginni heimild samgönguráðuneytis.

4. gr.

Ljós- og hljóðmerki við neyðarakstur.

Ökutæki, sem skráð er til neyðaraksturs, skal búið eftirfarandi:

- a. einu eða fleiri bláum neyðaraksturljóskerum í samræmi við reglugerð um gerð og búnað ökutækja og
- b. tveggja tóna hljóðmerkisbúnaði í samræmi við reglugerð um gerð og búnað ökutækja eða
- c. öflugum hljóðgjafa eða rafeindastýrðum hljóðgjafa sem sendir frá sér hljóð með stíghækkandi tíðni.

Ljósabryr með búnaði til neyðaraksturs á ökutækjum lögreglu eða ríkisstofnana sem annast bráðaviðbúnað og viðurkennd eru til neyðaraksturs má taka af ökutæki við annan akstur.

Umferðarstofa getur, að höfðu samráði við ríkislögreglustjóra, veitt heimild til að viðbótar hljóðmerki séu notuð við tiltekna aðstæður.

5. gr.

Ökutæki, sem lögreglan notar við eftirlit eða hliðstæð verkefni og í einstaka tilvikum eru notuð til neyðaraksturs, mega vera búin ljós- og hljóðmerkjabúnaði fyrir neyðarakstur.

6. gr.

Notkun ljós- og hljóðmerkja.

Nota skal ljósmerki við neyðarakstur og þau má ennfremur nota þegar ökutæki er kyrrstætt við stað þar sem óhapp eða slys hefur orðið eða við svipaðar aðstæður.

Nota skal hljóðmerki við neyðarakstur nema notkun ljósmerkja teljist, miðað við aðstæður, nægileg til að vara vegfarendur við.

Við neyðarakstur ökutækis lögreglunnar má sleppa notkun ljós- og hljóðmerkja, enda teljist það nauðsynlegt vegna tilefnis neyðarakstursins og aðstæður að öðru leyti mæla ekki gegn því. Við akstur slíkra ökutækja er ennfremur heimilt að gefa ljósmerki og ef þarf, stutt hljóðmerki við stöðvun ökutækis.

Ljós- og hljóðmerki má nota þegar æfður er neyðarakstur í almennri umferð en slíkur akstur er háður samþykki lögreglustjóra.

Ljós- og hljóðmerki má nota við viðgerð og prófun búnaðar.

7. gr.

Umferðarreglur í neyðarakstri.

Við neyðarakstur getur ökumaður, við aðstæður þar sem hann telur það mjög brýnt, látið hjá líða að fylgja eftirfarandi ákvæðum umferðarlaga, enda gæti hann samtímis sérstakrar varúðar:

- a. 1. mgr. 5. gr. um að fylgja leiðbeiningum fyrir umferð sem gefnar eru með umferðarmerkjum, umferðarljósum o.þ.h.,
- b. IV. kafla um umferðarreglur fyrir öikumenn, og
- c. V. kafla um ökuhraða.

Ökumaður skal jafnan fara eftir merkjum sem lögreglan gefur við umferðarstjórn.

Við akstur á móti rauðu eða gulu ljósi á gatnamótum þar sem umferð er stjórnað með umferðarljósum skal ökumaður enn fremur draga svo mikið úr hraða að hann geti tafarlaust stöðvað ökutæki sitt fyrir umferð úr þverstæðri átt.

Notkun ljós- og hljóðmerkja við neyðarakstur dregur ekki úr skyldu ökumanns til að sýna tillitsemi og viðhafa varúð gagnvart öðrum vegfarendum.

8. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 8. gr. umferðarlaga, nr. 50, 30. mars 1987, með síðari breytingum öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um neyðarakstur, nr. 101, 26. febrúar 1988.

Samgönguráðuneytinu, 1. júlí 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Breyting á deiliskipulagi íþróttá- og skólasvæðis við Ásgarð.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi íþróttá- og skólasvæðis við Ásgarð. Í breytingunni felst að við keppnisvöll er gert ráð fyrir fjórum ljósamöstrum. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breyting á deiliskipulagi Kjóavalla á félagssvæði Hestamannafélagsins Andvara.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi Kjóavalla á félagssvæði Hestamannafélagsins Andvara. Í breytingunni felst m.a. að nyrðri gæðinga- og íþróttavöllur stækkar úr 250 metrum í 300 metra völlum og áhorfendastúkur eru mótaðar til samræmis við breytinguna. Bílastæðum er fjölgað, staðsetning vallarhúss breytist og reiðleiðir eru lagfærðar á svæðinu. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breyting á deiliskipulagi í Molduhrauni að Suðurhrauni 4, 6, 8 og 10.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Molduhrauni vegna lóða að Suðurhrauni 4, 6, 8 og 10. Í breytingunni felst m.a. að lóðarmörk breytast milli áður-

greindra lóða við Suðurhraun. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar skipulagsbreytingar og skipulag öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 15. júlí 2004.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um staðfestingu reglugerðar fyrir Tónskóla Mýrdælinga.

Með vísan til 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla staðfestist hér með reglugerð fyrir Tónskóla Mýrdælinga, sem samþykkt var af sveitarstjórn Mýrdalshrepps 22. janúar sl. og birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 13. júlí 2004.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.

Fylgiskjal.

Reglugerð fyrir Tónskóla Mýrdælinga.

1. gr.

Skólinn heitir Tónskóli Mýrdælinga. Skólinn er í eigu Mýrdalshrepps og fer sveitarstjórn Mýrdalshrepps með yfirstjórn hans. Starfsemi skólans fer fram í skólahúsnæði hreppsins við Mánabraut. Skólinn starfar skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 með síðari breytingum.

2. gr.

Hlutverk skólans er að veita almenna tónlistarfræðslu og annast kennslu í hljóðfæraleik og efla með því tónlistarlíf í Mýrdalshreppi.

3. gr.

Skólanefnd Mýrdalshrepps fer með yfirstjórn skólans í umboði sveitarstjórnar. Sveitarstjóri annast framkvæmdarstjórn fyrir nefndina og undirbýr fundi í samráð við formann. Formaður skólanefndar boðar til funda með dagskrá svo oft sem þurfa þykir en þó ekki sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Skólastjóri sitji skólanefndarfundi með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er að verða við tilmælum skólastjóra um fund í skólanefnd enda sé fundarefni tilgreint. Einnig ber að boða til fundar ef a.m.k. þriðjungur aðalmanna í skólanefnd æskir þess.

4. gr.

Sveitarstjórn ræður skólastjóra að fengnum tillögum skólanefndar. Skólastjóri ræður aðra starfsmenn í samráði við skólanefnd.

5. gr.

Skólastjóri fer með daglega stjórnun skólans. Hann ber ábyrgð á að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, námsskrár og reglur sem í gildi eru um tónlistarskóla í landinu á hverjum tíma. Skólastjóri skal framfylgja samþykktum skólanefndar. Hann hefur umsjón með eignum skólans. Skólastjóri skal ganga frá vinnuskýrslu, árita reikninga til greiðslu og annast skráningu nemenda.

6. gr.

Rekstur skólans skal kosta með fjárveitingum á fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps og skólagjöldum nemenda. Skólastjóri skal leggja drög að fjárhagsáætlun fyrir skólanefnd sem síðan leggur þau fyrir sveitarstjórn til samþykktar eigi síðar en 15. desember ár hvert. Skrifstofa Mýrdalshrepps annast greiðslu launa og rekstrarreikninga svo og bókhald Tónskóla Mýrdælinga.

7. gr.

Skólagjöld eru ákveðin af sveitarstjórn að fengnum tillögum skólanefndar. Skólagjöld skulu greidd fyrirfram í upphafi annar. Skrifstofa Mýrdalshrepps annast innheimtu skólagjalda.

8. gr.

Rétt til skólavistar hefur hver sá er áhuga hefur á tónlistarnámi því er skólinn býður upp á með eftirtöldum frávikum:

- Þurfi að takmarka fjölda nemenda á einstökum námssviðum er skólanum m.a. heimilt að beita hæfnisprófum og breyta auglýstu kennslufyrirkomulagi.
- Skólastjóra ásamt kennurum er heimilt að takmarka fjölda nemenda í hina mismunandi hljóðfæraflokka.
- Heimilt er skólastjóra að vísa nemanda frá námi ef hann hefur ekki sinnt því um lengri tíma eða hefur gerst brotlegur við reglur skólans og ekki látið skipast við áminningu.

Úrskurði skólastjóra má skjóta til skólanefndar.

9. gr.

Starfstími, viðverutími og vinnuskylda er samkvæmt gildandi kjarasamningum LS, FT og FÍH.

10. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla með síðari breytingum er samþykkt af sveitarstjórn Mýrdalshrepps þann 22. janúar 2004 og öðlast þegar gildi.

Sveinn Pálsson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um starfslið og skipulag framhaldsskóla, nr. 5/2001.

1. gr.

Í stað 2. málslíðar 1. mgr. 9. gr. komi nýr málslíður, svohljóðandi:
Námsráðgjafi skal hafa lokið minnst fjögurra ára háskólanámi með fullgildum loka-
prófum og þar af eins árs námi í náms- og starfsráðgjöf.

2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 13. júlí 2004.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.

AUGLÝSING

um gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hf. fyrir hitaveitur.

Samkvæmt lögum nr. 40 frá 30. maí 2001 og orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hf. er taki gildi 1. ágúst 2004.

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hf. fyrir hitaveitur, nr. 584, 29. júlí 2003 breytist þannig:
Allir gjaldskrárliðir hækka um 2,9%.

Iðnaðarráðuneytinu, 26. júlí 2004.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Jónvör Steinhólm.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, Markarholt, Sogamýri.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 22. júlí 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felur í sér að landnotkun svæðis austan lóða nr. 4, 6 og 8 í Mörkinni milli Suðurlandsvegur og Miklubrautar, breytist frá því að vera blönduð landnotkun svæðis fyrir þjónustustofnanir og opins svæðis til sérstakra nota í blandaða landnotkun svæðis fyrir þjónustustofnanir og íbúðarsvæðis.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 22. júlí 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Kristín L. Árnadóttir.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
634	20. júlí	Gjaldskrá fyrir búfjáreftirlit í Djúpavogshreppi	1605-1606
635	14. júlí	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn, Suðurnes	1606
636	14. júlí	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn, Vestmannaeyjar	1607
637	13. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að ljúka átaki til einsetningar grunnskólans, nr. 303/2003	1607
638	13. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 113/2003	1608
639	27. maí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi „Lækjargata – Hringbraut – Öldugata“ vegna lóðar fyrir spennistöð við Lækjargötu í Hafnarfirði	1608
640	9. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 317/2000 um raf-ræna farskráningu í loftflutningum	1609
641	20. júlí	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Hafnarfirði	1609
642	15. júlí	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 990/2001, um greiðslu vaxtabóta, með síðari breytingum	1610
643	1. júlí	Reglur um neyðarakstur	1610-1612
644	15. júlí	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ	1612-1613
645	13. júlí	Auglýsing um staðfestingu reglugerðar fyrir Tónskóla Mýrdælinga	1613-1614
646	13. júlí	Reglugerð um breyting á reglugerð um starfslið og skipulag framhaldsskóla, nr. 5/2001	1615
647	26. júlí	Auglýsing um gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hf. fyrir hitaveitur	1615
648	22. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, Markarholt, Sogamýri	1616

